

HALLA HAR

Finnst mjög gott að búa við hafíð

• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HALLA OG LOVISA

Dansað eftir settum reglum

Nýtt verk á Reykjavík Dance Festival
FÓLK 20



BENEDIKT KARL GRÖNDAL

Var í trúðaskóla í tvö ár

Setur upp einleik á Íslandi
FÓLK 26



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. ágúst 2009 — 193. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Íslenskar konur efdar



Fyrirlasari er á leið til landsins til að hjálpa fólki að finna sinn innri eldmód og forgangsraða verkefnum.

TÍMAMÓT 14

Siðfræði Icesave-málsins

Hártoganir um langsóttu lagaklæki eða kvein um að við ráðum ekki við þetta koma okkur hvorki lönd né strönd,“ skrifar Stefán Ólafsson.

Í DAG 12

Efnilegur plötusnúður

Hinn sextán ára Kári Guðmundsson vekur athygli fyrir dubstep-tónlist sína.

FÓLK 19



Enski boltinn af stað



Tímabilið í enska boltanum hófst með látum um helgina.

ÍPRÓTTIR 22

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGVIÐRI Í dag verður hæg breytileg átt og bjart með köflum. Smáskúrir á víð og dreif, einkum sunnan til og síðdegis. Hiti 10-15 stig.

VEÐUR 4

Mikilvægt fyrir efnahagslífið

Ólafur Ísleifsson segir Íslendinga geta gengið uppréttir í samfélagi þjóða í kjölfar Icesave-samkomulagsins. Sigurður Líndal telur fyrirvarana gagntilboð. Fjármálaráðherra segir samninginn ekki hafa verið felldan.

EFNAHAGSMÁL Samþykki á fyrirvörum fjárlaganefndar við Icesave-samninginn er mjög mikilvægur áfangi fyrir íslenskt efnahagslíf, að mati Ólafs Ísleifssonar lektors í hagfræði við Háskólann í Reykjavík.

Sigurður Líndal lagaprófessor hallast að því að fyrirvararnir séu gagntilboð og þar með nýtt samningstilboð. „Það þyrfti líklega að tala við Breta og Hollendinga en það gæti vel verið að þeir samþykki þetta án þess að fara þurfi í aðrar samningaviðræður.“

„Þessi ströngu skilyrði í fyrirvörunum gjörbreyta öllum forsendum samningsins, sem þýðir að sjálfsgöðu að samningnum hefur verið hafnað,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, um frumvarp um ríkisábyrgð á innstæðum Icesave-reikninga Landsbankans.

Frumvarpið var samþykkt úr fjárlaganefnd á laugardagsnótt með stuðningi allra flokka nema Framsóknarflokks, sem hyggst skila inn séráliti um frumvarpið. Líklegt er

að önnur umræða um frumvarpið fari fram á Alþingi á morgun. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir að Bretum og Hollendingum hafi verið kynntir fyrirvararnir. Ef í ljós komi að frekari viðræðna sé þörf, eftir endanlega afgreiðslu Alþingis, þá verði einfaldlega að takast á við það, að mati Össurar.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra lítur ekki svo á að samningurinn hafi verið felldur. „Samningurinn rammur þá skilmála sem nú hafa verið settir. Þetta er sú umgjörð sem við teljum nauðsynlega til að geta farið af stað með máli,“ segir Steingrímur.

Fyrstu áhrif samkomulags um Icesave verða afgreiðsla á lánum frá AGS og Norðurlöndunum, að mati Ólafs Ísleifssonar. Þannig verði hægt að styrkja gjaldeyrisvarasjóðinn verulega. „Að styrkja sjóðinn með þessum hætti skapar aukð traust á íslenskt fjármálakerfi, nauðsynlegt traust í utanríkisviðskiptum og eyðir óvissu um að

hér verði hnökur á utanríkisviðskiptum, þannig að þetta er mjög mikilvægur áfangi,“ segir Ólafur. Hann segir erfitt að segja til um áhrif á krónuna. „Þetta að minnsta kosti spillir ekki fyrir.“

Sárt er fyrir Íslendinga að þurfa að axla ábyrgð á skuldum einkafyrirtækis sem lenti í eigu óreiðumanna með þessum hætti, að sögn Ólafs. Þá segir hann að það, að samningurinn veiti sjö ára svigrúm, sé kannski mikilvægasta atriði hans. Þannig sé hægt að vinna í því að treysta efnahaginn, taka til eftir hrunið og endurreisa.

Ólafur segir að afgreiðslan á Icesave virðist hafa verið prófsteinn á vilja Íslendinga til að efna skuldbindingar sínar, meðal annars hafi það verið álit Norðurlandanna. Það að ákvörðun hafi verið tekin sendi þau skilaboð að vilji sé til þess að efna skuldbindingarnar. „Þetta þýðir að við getum gengið uppréttir menn í samfélagi þjóðanna og borið höfuðið hátt.“

- þeb, vsp, kg / sjá nánar á síðu 6



LÖMB AÐ LEIK Á leið sinni um Austfirði, nánar tiltekið á Mjóeyri í Eskifirði, rakst ljósmyndari Fréttablaðsins á erlenda ferðamann sem nutu náttúrunnar til hins ýtrasta. Litlu lömbin nutu góðs af örlæti krakkanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Usain Bolt í 100 m hlaupi: Nýtt heimsmet

FRJÁLSAR Jamaíkumaðurinn Usain Bolt gerði sér lítið fyrir og stórbætti heimsmetið í 100 metra hlaupi karla á HM í Berlín í gær. Hann hljóp á 9,58 sekúndum og bætti gamla metið um 0,11 sekúndum sem hann setti á Ólympíuleikum í fyrra.



USAIN BOLT

Þá var það frægt er hann gaf eftir á lokaspertinum en nú hljóp hann af fullum krafti yfir marklínuna og niðurstaðan var glæsilegt heimsmet.

Bolt er 22 ára gamall og vann þrenn gullverðlaun í Peking í fyrra. Hann þykir einnig líklegur til afreka í 200 metra hlaupi karla í Berlín þar sem hann er sömu-leiðis ríkjandi heimsmetshafi.

Tyson Gay varð annar í hlaupinu á 9,71 sekúndu sem er nýtt bandarískt met.

- esá

Stjórn málafræðingur segir Icesave ekki verða lyklatríði í næstu kosningum:

Framsókn málaði sig út í horn

STJÓRN MÁL „Með sínum málflutningi tók Framsókn dýpst í árinna gegn Icesave þannig að flokkurinn átti erfitt með að bakka og var eiginlega búinn að mála sig út í horn,“ segir Einar Mar Þórðarson stjórn málafræðingur um hve mikil áhrif það getur haft á Framsókn að allir aðrir flokkar stóðu saman að fyrirvörum við Icesave.

Vissulega hafi kannanir sýnt að

meirihluti þjóðarinnar var á móti samningnum, að sögn Einars og því gæti verið að margir virði það við Framsókn að vera á móti.

„Það hefði verið betra gagnvart erlendum aðilum ef allir flokkar hefðu staðið að þessum fyrirvörum,“ segir Einar. Hann telur Icesave ekki verða lyklatríði í næstu kosningabaráttu. Þingflokkur Vinstri grænna virðist standa

heill á bak við fyrirvarana, að mati Einars en skiptar skoðanir voru um samninginn innan flokksins.

„Það á eftir að koma í ljós hvernig VG á eftir að vegna en tvö mál, ESB og Icesave, hafa reynst þeim erfið. Ljóst er að það þarf að koma saman fjárlögum sem kemur til með að reyna á ríkisstjórnina og stuðningsmenn hennar,“ segir Einar.

- vsp

6 tommu bátur Kafabátur mánaðarins • ágúst

349 krónur

Túnfiskbátur

SUBWAY

muundu eftir mjólkinni!

muu

TENGI

Tilboð vikunnar

Upphengt salerni, seta, innbyggður kassi og þrýstisþjald

Tilboð kr. **54.900,-**

Smíðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000

Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050



Pálmi, er þetta nokkuð á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins?

„Jú, Wipeout Stöðvar 2 er liður í aðgerðaáætlun AGS á Íslandi.“

Stöð 2 hefur ákveðið að ráðast í íslenska útgáfu af sjónvarpsþáttunum Wipeout og mun keppnin fara fram í Argentínu. Argentína var einnig með áætlun við AGS árið 2001. Pálmi Guðmundsson er sjónvarpsstjóri Stöðvar 2.

Icesave rætt á þriðjudaginn: Sumarþinginu verður að ljúka

STJÓRN MÁL Ásta Ragnheiður Jóhannsdóttir, forseti Alþingis, vonast til að Icesave verði tekið



ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR

fyrir í þinginu á þriðjudag. Mun Ásta funda með formönnum þingflokka á dag og býst hún við að þá verði ljóst hvenær málið verði tekið fyrir.

Enn á önnur og þriðja umræða eftir að fara fram, ásamt atkvæðagreiðslum. Hægt er að óska eftir því að mál fari í nefnd eftir aðra umræðu og telur Ásta líklegt að það verði gert.

En hvenær lýkur málinu? „Ég vona að hægt verði að ljúka því fljótlega og ég stefni á það. Þetta sumarþing er orðið það langt að því verður að linna,“ segir Ásta. Það mikil nefndarvinna er búin að fara fram að Ásta efast um að langar umræður þurfi. - vsf

Lést í Langadal

SLYS Konan sem lést í slysi í Langadal í Austur-Húnavatnssýslu síðastliðið föstudagskvöld hét Margrét Jósefsdóttir, til heimilis að Vesturgili 12 á Akureyri. Hún var fimmtug og lætur eftir sig eiginmann og uppkomin börn. Tildrög slyssins eru enn í rannsókn hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri. Margrét var farþegi í flutningabifreið sem fór út af þjóðvegnum í Langadal. Ökumaður bifreiðarinnar var fluttur með sjúkrabíl til Akureyrar en meiddli hans eru ekki talin alvarleg. Veginum um Langadal var lokað um tíma vegna slyssins. - fb

Steingrímur J. Sigfússon hélt hátíðarræðu á Hólum í gær og vék að hrúinu:

Þjóðin verði beðin afsökunar

STJÓRN MÁL Allir þeir sem mesta ábyrgð bera á hrúni bankanna ættu að biðja þjóðina afsökunar á því mikla tjóni sem þeir hafa valdið. Þetta kom fram í hátíðarræðu Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra á Hólum í gærdeg.

Steingrímur sagðist enn biðja eftir afsökunarbeiðni frá þeim sem báru ábyrgð á Landsbankanum síðustu árin. Ekki væri verra ef þeir kæmu með þann auð sinn sem eftir væri og legðu hann í púkkið til að bæta tjónið. Þá spurði hann hvort ekki hlyti að vera von á afsökunarbeiðni frá þeim sem einkavæddu bankann og banka-stjórum, bankaráðsmönnum og

eigendum. Þeir hefðu með atferli sínu valdið þjóðinni ómældu tjóni og sálarangist.

Í því sambandi minnstist fjármálaráðherra sérstaklega á Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi bankaráðsformann Landsbankans og framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins. Hann gagnrýndi Kjartan fyrir grein sem hann skrifaði um Icesave-málið í Morgunblaðið á föstudag, og sagðist hafa haldið að Kjartan væri að biðjast afsökunar. „Það var nú ekki og hann af öllum mönnum undir sólinni taldi sig vera í síðferðilegri aðstöðu til annarra hluta.“ - þeb



STEINGRÍMUR Fjármálaráðherra hélt hátíðarræðu á Hólum og vék meðal annars að bankahrúinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Breskir hermenn í Afganistan: 200 breskir hermenn fallnir

LONDON, AP Átta breskir hermenn féllu í Afganistan um helgina. Þar með hafa 204 breskir hermenn látið lífið í landinu síðan ráðist var þangað inn árið 2001. Alls hafa sextán breskir hermenn látist í Afganistan í þessum mánuði en 22 létust í júlí, sem er það mesta í einum mánuði til þessa. Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, viðurkennir að sumarið hafi verið afar erfitt en áréttar að vera breskra hermanna í Afganistan sé afar mikilvæg. „Þrjár fjórðu hlutar af allri skipulagningu á hryðjuverkum í Bretlandi eiga rætur sínar að rekja til fjallanna í Pakistan og Afganistan,“ sagði Brown. - fb

Danskur karlmaður myrti dóttur sína

Fertugur karlmaður er í haldi dönsku lögreglunnar grunaður um að hafa myrt þrettán ára dóttur sína. Fjölskylda þeirra hafði aldrei komist í kast við lögin.

SAKAMÁL Fertugur karlmaður er í haldi dönsku lögreglunnar grunaður um að hafa myrt þrettán ára dóttur sína á heimili þeirra í fjölbýlishúsi í Óðinsvéum.

Stúpmóðir stúlkunnar hringdi í öngum sínum í lögregluna eftir að átök hófust á heimilinu á milli feðginanna. Enduðu þau með því að faðirinn lamdi dóttur sína til bana. Hún var nær dauða en lífi þegar sjúkrabíll kom á staðinn og lést hún á leiðinni á sjúkrahúsið.

Auk móðurinnar voru tvær aðrar manneskjur í íbúðinni þegar morðið átti sér stað: tvíburabroðir stúlkunnar og eins árs systir hennar. Tildrög ódæðisins eru óljós en lögreglan rannsakar málið.

„Þetta er ekta dönsk kjarnafjölskylda með föður, móður og þremur börnum

JACK LIEDECKE
LÖGREGLUMÁÐUR

Einungis er hálfur mánuður síðan fólkíð flutti í íbúðina þar sem morðið átti sér stað. Fjölskyldunni hefur verið lýst sem fyrirmyndar-fjölskyldu sem hafði hvorki komist í kast við lögin né glímt við félagsleg vandamál. „Þetta er ekta dönsk kjarnafjölskylda með föður, móður og þremur börnum,“ sagði lögreglumáðurinn Jack Liedicke. Nágrannar fjölskyldunnar höfðu heldur ekkert upp á hana að klaga. „Þau fluttu inn fyrir fjórtán dögum. Þetta er ósköp venjuleg fjölskylda sem hefur lengi búið í þessu hverfi,“ sagði einn þeirra í viðtali við Berlingske Tidende. Annar nágranni, Birgit Diablez,



DÖNSK LÖGREGLA Lögreglan í Danmörku rannsakar morð fertugs karlmanns á þrettán ára dóttur sinni.

bætti þessu við í viðtali við Ekstra Bladet: „Ég hitti föðurinn og dótturina í kjallaranum í byrjun ágúst. Þau spjölluðu saman á eðlilegan hátt um hillur sem þau ætluðu að fara að flytja. Þau voru mjög róleg og það virtist ekki andá köldu á milli þeirra,“ sagði hún. „Síðast í gær [á laugardag] hitti ég þabbann

aftur í kjallaranum. Hann virkaði á mig sem virkilega rólegur maður og vingjarnlegur eins og öll fjölskyldan hans. Núna er ég bara með hnút í maganum og með gæsaþé. Ég skil ekki hvernig svona lagað getur gerst, hvernig hann gat gert barninu sínu þetta.“

freyr@frettabladid.is

Sérstakt ökuleyfi á Indlandi: Þriggja ára með mótorhjólaleyfi

INDLAND Azeem Khan, þriggja ára strákur frá Indlandi, hefur fengið sérstakt leyfi frá dómstólum þar í landi til að stjórna mótorhjól. Þurfti hann að sanna að hann gæti stjórnað hinu öflugna Royal Enfield Bullet hjóli. Hjólinu hefur faðir hans breytt þannig að stýrið er övenju langt svo Azeem geti hjólað.

„Hann er öruggari í umferðinni en flestir fullorðnir ökumenn sem ég þekki,“ sagði Shantanu, faðir Azeems sem verður fjögurra ára í næsta mánuði.

„Auðvitað leyfi ég honum ekki að keyra á fjölförnustu götunum. Ég treysti Azeem en ég treysti ekki öðrum ökuöðnum,“ segir faðirinn sem segir Azeem vilja alvöru Harley Davidson. - vsf

AGS kemur úr frí 21. ágúst:

Gætu tekið Ísland fyrir á næsta fundi

STJÓRN MÁL Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) fór í tveggja vikna sumarfrí 7. ágúst síðastliðinn. Nokkrum dögum áður átti að taka fyrir og endurskoða áætlun AGS og íslenskra stjórnvalda og greiða hluta af lánum. Því var hins vegar frestað.

Þær ástæður sem gefnar voru upp voru þær að ekki hefði nást að ljúka Icesave-samkomulaginu. Einnig hafði endurfjármögnun bankanna ekki verið lokið.

Hinu síðarnefnda er nú lokið og lending er komin í Icesave. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að málefni Íslands verði tekin fyrir, enda var „allt tilbúið að hálfu íslenskra stjórnvalda“, að sögn Steingríms J. Sigfússonar fyrr í mánuðinum. Fyrsti fundur AGS eftir frí verður í fyrsta lagi 21. ágúst. - vsf

Brasilíski lýtalæknirinn Hosmany Ramos flakkaði um Evrópu:

Notaði vegabréf bróður síns

LÖGREGLUMÁL Brasilíski lýtalæknirinn Hosmany Ramos, sem var handtekinn hér á landi fyrir helgi flakkaði, um Evrópu með vegabréf bróður síns áður en hann var gómaður í Leifsstöð. Ramos er eftirlýstur í Brasilíu þar sem hann á eftir að aflána þunga dóma, meðal annars fyrir morð.

Hann vill fá pólitískt hæli hér á landi og óttast að hann verði drepinn ef íslensk stjórnvöld framselja hann til Brasilíu. Það gæti reynst snúið að framselja hann því engir framsalssamningar eru til á milli Íslands og Brasilíu.

Dómsmálaráðuneytið mun ákvarða um framtíð Ramos. Verði hann framseldur mun hann ljúka við aflánum á dómi sínum, en árið 1981 var hann dæmdur í 21 árs fangelsi. Nokkrum árum síðar strauk hann úr fangelsinu



LEIFSTÖÐ Hosmany Ramos var handtekinn í Leifsstöð á dögnum með vegabréf bróður síns undir hendi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

og fékk fyrir vikið enn þyngri dóm. Í desember á síðasta ári fékk Ramos leyfi frá fangelsisvistinni með því skilyrði að hann snéri aftur í byrjun janúar. Þrátt

fyrir það lét hann ekki sjá sig og það var ekki fyrr en í síðustu viku sem hann var handsamaður í Leifsstöð með vegabréf bróður síns undir höndum. - fb

Þitt hjartans mál



Benecol inniheldur plöntu-sterólester sem lækkar kólesteról í blóði. Ein flaska á dag dugur til að ná hámarksvirgni og full áhrif koma fram strax þremur vikum eftir að neysla hefst.



Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Svona tilboð lætur maður ekki framhjá sér fara!

Fáðu þér nýjan Nokia 3120 síma hjá Nova fyrir aðeins **19.900 kr.** með **24.000 kr.** notkun! Njóttu þess að geta hringt fyrir 0 kr. í vini þína og ættingja eða bara alla sem þú þekkir eða þekkir ekki hjá Nova.

0 kr.
Nova
í Nova
- einnig fyrir
myndsímtöl!



19.900 kr./stgr.

Nokia 3120

24.000 kr. notkun fylgir!
(2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði.)

Eða 2.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir.

ÁGJAST
TILBOÐ

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkort + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	125,89 126,49
Sterlingspund	208,17 209,19
Evra	179,63 180,63
Dönsk króna	24,125 24,267
Norsk króna	20,819 20,941
Sænsk króna	17,645 17,749
Japanskt jen	1,3241 1,3319

SDR	196,30	197,46
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
233,4663		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		



Á SLYSSTAÐ 35 konur og sex börn fórust í eldsvoðanum í Kúvæt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skæður eldsvoði í Kúvæt: Tugir fórust í brúðkaupi

KÚVÆT, AP 35 konur og sex börn fórust og 58 manns til viðbótar voru flutt á sjúkrahús eftir að eldur braust út í tjaldi í brúðkaupi rétt fyrir utan Kúvætborg. Aðeins einar útgöngudyr voru á tjaldinu og er talið að margir hafi troðist undir þegar þeir reyndu að flýja eldinn.

Búist er við því að reglur um veislur í tjöldum sem þessum verði hertar eftir eldsvoðann, sem er talinn einn sá mesti í Kúvætborg í fjörtíu ár. Rannsókn á upptökum eldsins stendur yfir. Á meðal líklegra orsaka er bilun í rafmagnsnúrum eða vandræði með búnað sem var notaður til að halda hláðborðinu í tjaldinu heitu.

Æskulýðssjóður:

Auglýst eftir umsóknum

MENNTAMÁL Menntamálaráðuneytið hefur auglýst eftir umsóknum í Æskulýðssjóð. Umsóknarfræsturinn rennur út 1. september.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka, til dæmis í sérstök verkefni fyrir börn og ungmenni og þjálfun leiðbeinenda.

Frekari upplýsingar er að finna á vef menntamálaráðuneytisins.

Bandaríkjamaðurinn John Yettaw laus úr fangelsi í Búrma:

Sleppt af mannúðarástæðum

BANGKOK, AP Bandaríkjamanninum John Yettaw, sem sat í fangelsi í Búrma fyrir að heimsækja lýðræðissinnann Aung San Suu Kyi, hefur verið sleppt lausum og honum vísað úr landi. Bandarísk yfirvöld fóru fram á að honum yrði sleppt lausum vegna veikinda sem hann stríðir við og urðu yfirvöld í Búrma við þeim óskum. Flaug hann til heimalands síns í gær.

Yettaw var í síðustu viku fundinn sekur um að hafa í maí síðastliðnum heimsótt Suu Kyi þrátt fyrir stofufangelsi hennar. Synti hann að heimili hennar og dvaldi hjá henni í tvo daga. Þegar Yettaw, sem er 53 ára, var handtekinn í vor



JOHN YETTAW Yettaw, sem á við veikindi að stríða, hefur verið sleppt lausum úr fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sagðist hann hafa verið sendur af Guði til að vara Suu Kyi við því að til stæði að myrða hana.

„Ég ætla ekki að verja það sem hann gerði en ég tel að stjórnvöld hafi sýnt góða viðleitni með því að leyfa honum að snúa heim til fjölskyldu sinnar af mannúðarástæðum,“ sagði þingmaðurinn Jim Webb, sem samdi um lausn hans. „Vonandi eiga samskipti Bandaríkjanna og Búrma eftir að batna í framhaldinu.“

Á meðan Webb dvaldi í Búrma bað hann stjórnvöld í landinu um að íhuga að aflétta stofufangelsi Suu Kyi og leyfa henni að taka þátt í undirbúningnum fyrir næstu kosningar í landinu sem verða haldnar á næsta ári.

- fb

Álverð hækkar og hækkar: Ekki hærra frá því í nóvember

ÍBNADUR Álverð er komið í 2.028 dollara á tonn og hefur ekki verið hærra síðan í byrjun nóvember á síðasta ári. Eftir að álverð náði hámarki í júlí á síðasta ári í um 3.300 dollurum á tonn hrapaði það töluvert í kjölfar alþjóðlegra fjármálakreppunnar síðasta haust. Fór álverð niður í tæplega 1.300 dollara á tonn í mars síðastliðnum og hefur verið að skriða upp síðan.

Sérfræðingar segja að þetta gæti verið skammgóður vermir, enda sé markaðurinn einungis að leiðrétta það gríðarlega fall sem varð á álverðinu á síðustu mánuðum.

- vsp



STÓR OG LÍTILL Kajak Margaretar virðist ekki stór miðað við fjölveiðiskipið Gæfu VE11 sem var í Vestmannaeyjahöfn þegar Margaret kom þangað í gær. MYNDIR/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON



Bresk grein um bankahrunið: Ósammála um bankakerfið

STJÓRNMÁL Fjallað er ítarlega um bankahrunið á Íslandi í breska dagblaðinu Daily Telegraph, bæði um aðdragandann og eftirmál þess. Farið er yfir Icesave-málið og gremju Íslensku þjóðarinnar yfir því að



JÓN DANIELSSON

þurfa að borga brúsann vegna óhófs nokkurra ríkra manna. Rætt er við Jón Danielsson, hagfræðiprófessor í London, og Ólaf Ísleifsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík. Ólafur segir bankakerfið á batavegi en Jón er ekki á sama máli. „Hlutirnir hafa ekki gengið sem skyldi og ástandið er orðið verra en áður,“ segir Jón. „Stjórnvöld verða að finna þá sem báru sökina og refsa þeim. Það er mikilvægt ef þjóðin á að geta jafnað sig.“

- fb

Tíu vikna kajakferð umhverfis Ísland

Margaret Mann frá New York er á síðustu metrunum á 2.300 kílómetra kajak-siglingu umhverfis Ísland. Norðurland og Jökulsárlón voru erfiðir staðir, að mati New York-búans sem á þrjá daga eftir af kajakróðri frá Vestmannaeyjum.

ÚTIVIST Margaret Mann, lausamaður í leikhúsum frá New York, er á síðustu metrunum á rúmlega 2.300 kílómetra kajaksiglingu sinni umhverfis Ísland. Ferðalagið hófst í Reykjavík fyrir 10 vikum og er hún stödd í Vestmannaeyjum sem stendur, eftir tæplega 11 klukkustunda róður frá Vík í Mýrdal.

Margaret hefur ekki einungis verið að sigla heldur hefur hún tekið sér tíma til að fara í gönguferðir, heimsótt menningartengda staði og hitt Íslendinga. Á sumum stöðum er hún í nokkra daga og gistir hún aðallega í tjaldi. Þakkar hún þó Íslendingum fyrir gestrisni

þeirra en nokkrir hafa veitt henni húsaskjól á ferðum hennar.

En hver hefur verið erfiðasti kaflinn? „Ég hef oftast lent í góðu veðri en á Norðurlandi var þetta erfitt. Ég veit ekki hvort það var vegna veðursins eða hvort það var sálfræðilegt, þar sem ferðin var þá hálfnuð,“ segir Margaret en henni þótti Jökulsárlón einnig erfitt. Kajakróður hefur verið áhugamál hennar frá árinu 2002 og stundar hún kajakróður í Hudson-ánni í New York.

En hver er ástæðan fyrir því að hún kom til Íslands? „Það var manneskja sem bað mig um að

koma og róa með sér kringum Ísland. Hún ákvað í mars að hætta við. Ég vildi hins vegar ekki sleppa þessu því ég var búin að undirbúa ferðina mikið,“ segir Margaret. Hún segir einveruna ekki endilega erfiða þar sem hún sé að eðlisfari einfari og Íslendingar hafi reynst vinalegir.

Margaret leggur af stað til Þorlákshafnar í dag og mun vera þar í nokkra daga. Segist hún eiga þrjá daga eftir af róðri og hafi því nægan tíma þar sem hún á ekki pantað flug heim til New York fyrr en 27. ágúst.

vidir@frettabladid.is

ALVÖRU SÁLFRÆÐITRYLLIR

SEBASTIAN FITZEK
I MEDFERÐ

BEINT Í
3. SÆTI
METSÖLULISTA
EYMUÐSSON

Ný stjarna á himni
reyfarahöfunda

Þýðandi: Bjarni Jónsson

BJARTUR

www.bjartur.is

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson
Veðurfræðingur

BREYTINGAR
SÍÐDEGIS Á
MORGUN

Seinni partinn á morgun fer að gæta breytinga á veðrinu þegar vindur vex og úrkoma nálgast, fyrst unnan til á landinu. Aðfaranótt miðvikudags gengur svo úrkomusvæðið yfir landið og fyrir hádegi á miðvikudag verður víða rigning. Með komu lægðarinnar fylgja ágæt hlýndi.

Á MORGUN
10-15 m/s syðst,
annars 5-10 m/s

MIÐVIKUDAGUR
5-13 m/s

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	23°
Billund	19°
Ósló	20°
Stokkhólmur	19°
Gautaborg	21°
London	24°
París	29°
Frankfurt	29°
Friedrichshafen	29°
Berlín	29°
Alicante	29°
Mallorca	33°
Basel	30°
Eindhoven	23°
Las Palmas	28°
New York	32°
Orlando	33°
San Francisco	20°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ÚTSALA



**25-70%
AFSLÁTTUR!**

KING KOIL
Amerískt heilsurúm
(Queen size 153x203)
FRÁ kr. 99.850

HELSUKODDAR
**30%
AFSLÁTTUR!**

SVEFNSÓFAR
**25-30%
AFSLÁTTUR!**

MARGAR
TEGUNDIR!
KOMIÐ OG SKOÐIÐ
ÚRVALIÐ

SÆNGURFATNAÐUR
30% AFSLÁTTUR!



rekkjan

KJÖRKASSINN



Ætlar þú að fylgjast með enska boltanum fyrstu leikhelgina?

Já	24,8%
Nei	75,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú sátt(ur) við fyrirvarana við Icesave-samkomulagið?

Segðu þína skoðun á vísir.is.



Rúmlega tólf þúsund manns sóttu Viðey heim fyrstu sjö mánuði ársins:

Miklu fleiri fara til Viðeyjar

FÓLK Miklu fleiri hafa lagt leið sína í Viðey í ár en í fyrra. 3.835 manns komu til Viðeyjar í júlímánuði, en það eru tuttugu prósentum fleiri en í sama mánuði í fyrra.

Fyrstu sjö mánuði ársins komu rúmlega tólf þúsund gestir til Viðeyjar, innlendir sem erlendir ferðamenn að því er fram kemur í fréttatilkynningu. Afþreying fyrir börn hefur verið vinsæl meðal gesta. Þeir hafa einnig notið góðs af því að göngustígar hafa verið lagfærðir í eyinni og merkingar bættar.

Kveikt verður á friðarsúlu Yoko Ono í október líkt og síðastliðið haust.



VIDEY Mikil fjölgun ferðamanna hefur verið í Viðey það sem af er ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Breskt smábarn á Ítalíu:

Datt fram af svölum og lést

ÍTALÍA Átján mánaða gamall breskur drengur lét lífið á eyggi Sardiníu á Ítalíu í gær. Hann datt fram af svölum á annarri hæð á hóteli þar sem hann dvaldist með foreldrum sínum.

Drengurinn var fluttur á spítala en var úrskurðaður látinn við komuna þangað. Lögregla á Ítalíu hefur sagt að drengurinn hafi verið skilinn eftir úti á svölum á meðan foreldrarinn skiptu um fót, en því hafa foreldrarinn neitað. Faðirinn segist hafa séð son sinn detta. Dauði drengsins er í rannsókn hjá lögreglu á Sardiníu, en foreldrarinn hafa ekki verið handteknir.

- þeb

Ósammála um áhrif fyrirvara Icesave-samningsins

Formenn tveggja stjórnarandstöðuflokka segja Icesave-samninginn hafa verið felldan með fyrirvörum fjárlaganefndar og þörf sé á nýjum samningaviðræðum við Englendinga og Hollendinga. Fjármálaráðherra er því ósammála. Utanríkisráðherra segir að bíða þurfi endanlegrar afgreiðslu Alþingis á frumvarpinu.

STJÓRNMÁL „Það er algjört grundvallaratriði í þessari samningagerð hvort íslenska ríkið muni borga óháð þróun efnahagsmála í landinu eða ekki. Þessi ströngu skilyrði í fyrirvörum gjörbreyta öllum forsendum samningsins, sem þýðir að sjálfsgöðu að samningnum hefur verið hafnað,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, um frumvarp um ríkisábyrgð á innistæðum Icesave-reikninga Landsbankans. Frumvarpið var samþykkt úr fjárlaganefnd á laugardagsnótt með stuðningi allra flokka nema Framsóknarflokksins.

Í fyrirvörum við samninginn er meðal annars fallið frá ákvæði um að greiðslur skuli miðast við 3,5 prósent af landsframleiðslu. Þess í stað kemur inn ákvæði um þak á greiðslur Íslands, þannig að ef engin aukning verði í landsframleiðslu og hagvöxtur aukist ekki falli greiðslur niður á því tímabili. Bjarni segir að nú verði lagt upp með allt annan grundvöll að samkomulagi, sem kalli á nýjar viðræður við Hollendinga og Breta. „Þetta eru sanngjarnar kröfur sem Hollendingar og Bretar hefðu átt að sætta sig við í sjálfu samningaferlinu. Að þingið skuli hafa afgreitt ríkisábyrgðina með þessum hætti er auðvitað hrein falleinkunn fyrir samningana,“ segir Bjarni Benediktsson.

Birgitta Jónsdóttir, formaður þingflokks Borgarahreyfingar, segir ekki annað koma til greina en að gera nýja samninga. „Því hefur alltaf verið haldið fram að fyrirvarar þýddu nýja samningagerð. Nú eru komnir ansi stórir fyrirvarar, og það hlýtur að kalla á nýjan samning.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir vafann sem ríkir um hvort fyrirvararnir kalli á nýjar samningaviðræður eða ekki, helstu ástæðu þess að Framsókn bendi á að lagalegu fyrirvararnir séu ekki nógu skýrir. „Við erum ekki sátt við þessa óvissu. Ef fyrirvararnir eru innan ramma samningsins, þá sitjum við uppi með mjög slæman samning. Ef þetta er nýtt samningstilboð, þá hefðum við þurft að taka



ALÞINGI Frumvarp um ríkisábyrgð á innistæðum Icesave-reikninga Landsbankans var samþykkt úr fjárlaganefnd á laugardagsnótt með stuðningi allra flokka nema Framsóknarflokks. Frumvarpið verður rætt á þingi á morgun.

mið af því í fyrirvörum, því þeir munu væntanlega verða okkar aðalkröfur í þeim viðræðum sem fara þá í hönd,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra lítur ekki svo á að samningurinn hafi verið felldur. Spurður hvort fyrirvararnir kalli á nýjar samningaviðræður segir hann svo ekki vera. „Það er lítið svo á að við getum staðið við þetta samkomulag, og ég bind vonir við að málið þurfi ekki að fara í þann farveg. Auðvitað er augljóst að þetta getur kallað á að útskýra þurfi málin, en ég tel að það sé best að segja sem minnst um það fyrr en það kemur í ljós hvernig því verður tekið,“ segir Steingrímur J. Sigfússon.

Óssur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir málið nú í miðri meðferð Alþingis. Ef í ljós komi að frekari viðræðna við Hollendinga

og Englendinga sé þörf, eftir endanlega afgreiðslu Alþingis, þá verði einfaldlega að takast á við það. „Við höfum verið í látlásum samskiptum við samningastjóra Breta og Hollendinga frá því seinni partinn á föstudag, og á morgun verður öllum sendiherrum hér á landi kynnt hvernig staðan er, meðal annars til að undirstríka að málið er ekki búið,“ segir Óssur. Að hans sögn var Frank Rozwadowski, sendifulltrúa AGS á Íslandi, kynntir fyrirvararnir ítarlega í gærmorgun. Auk þess verði málið kynnt fyrir Evrópusambandinu, Svíum, Þjóðverjum og Frökkum á næstu dögum. Þá verði staðan kynnt fyrir öllum utanríkisráðherrum Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna síðar í vikunni, þegar þeir koma hingað til lands á árlegan fund utanríkisráðherra ríkjanna.

kjartan@frettabladid.is



MAHMOUD AHMADINEJAD Þrjár konur munu ganga til liðs við nýja ríkisstjórn Mahmoud Ahmadinejad.

Breytingar í stjórn Írans:

Þrjár konur verða ráðherrar

ÍRAN, AP Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, hefur lýst því yfir að þrjár konur muni ganga til liðs við nýja ríkisstjórn sína. Þetta verður í fyrsta sinn síðan 1979 sem konur gegna ráðherrastöðum í landinu. Réttarhöld yfir stjórnarandstæðingum hafa staðið yfir í Íran og í gær var réttáð yfir 25 manns. Þeir hafa ásamt fjölda annarra mótmælt niðurstöðu forsetakosninganna í landinu 12. júní og telja að brögð hafi verið í tafla. Alþjóðasamfélagið hefur gagnrýnt réttarhöldin harðlega og telja bandarísk stjórnvöld að um sýndarréttarhöld sé að ræða. Samanlagt hefur verið réttað yfir 135 manns í Íran síðan mótmælin brutust fyrst út.

- fb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ók á 183 km hraða

Karlamður á þrítugsaldri var handtekinn í Hveradalsbreyku laust eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags eftir að hafa ekið bíl sínum á 183 kílómetra hraða. Hann var færður á lögreglustöðina á Selfossi og sviptur ökuleyfinu til bráðabirgða.

3

Nýtt leikár kynnt eftir 3 daga

Borgarleikhúsið

ÚTDRÁTTUR ÚR FYRIRVÖRUNUM

1. grein

Fjármálaráðherra veitir Tryggingasjóði ríkisábyrgð vegna lána til að standa straum af lágmarksreiðslum til innstæðueigenda í Bretlandi og Hollandi. Ábyrgðin tekur til höfuðstóls lánanna eins og þau munu standa eftir sjö ár. Að öðru leyti afmarkast ábyrgðin af samningsákvæðum og fyrirvörum, sem eru óaðskiljanlegur hluti af ríkisábyrgðinni.

2. grein

Þrjár forsendur eru fyrir veitingu ríkisábyrgðar. Sú fyrsta að lánasamningar verði túlkaðir þannig að tillit verði tekið til aðstæðna Íslands og nauðsyn þess að gera landinu kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi. Því verði orðið við beiðni Íslands um endurskoðun samninganna. Önnur forsenda er að staða Íslands, sem fullvalda ríkis, komi í veg fyrir að aðför sé gerð í þeim eignum sem ríkið þarf nauðsynlega á að halda. Sama eigi við um eignir ríkisins erlendis. Þriðja forsendan er að hvergi verði haggð við yfirráðum Íslands yfir náttúruauðindum og rétti ríkisvalds til að kveða á um nýtingu og eignarhald þar á.

3. grein

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn geri úttekt á stöðu þjóðarbúsins fyrir 5. júní 2015, til að meta forsendur fyrir endurskoðun samningsins. Ríkisábyrgð miðast við hámark, árin 2017 til 2023 verður það fjögur prósent af vexti á vergri landsframleiðslu vegna lánasamnings við Breta, og tvö prósent vegna samnings við Hollendinga. Árið á

undan og eftir þessu tímabili verða hlutföllin helmingi lægri. Ef greiðslubyrðin verður meiri en þetta hámark verði teknar upp viðræður.

4. grein*

Fáist úr því skorið seinna að Íslandi og öðrum EES-ríkjum beri ekki skylda til að tryggja innstæður fer ríkisábyrgðin eftir viðræðum Íslendinga við Hollendinga og Breta. Ef viðræður fara ekki fram getur Alþingi takmarkað ríkisábyrgð.

5. grein*

Ef óskað verður eftir viðræðum um breytingar samkvæmt endurskoðunarákvæðum þarf Alþingi að samþykkja það.

6. grein*

Fjármálaráðherra geri Alþingi grein fyrir því hvernig endurheimtur á eignum Landsbankans standa. Heildarskuldur, greiðslubyrði og skuldapól skal vera metið reglulega.

7. grein*

Fjármálaráðherra setur Tryggingarsjóði skilyrði vegna ábyrgðarinnar í sérstökum samningi.


8. grein*

Ríkisstjórnin grípur strax til aðgerða til að endurheimta fé sem safnaðist inn á Icesave-reikninga. Hún skal starfa með yfirvöldum erlendis og fá aðstoð til að rekja hvert innstæðurnar fóru. Ríkisstjórnin á líka að sjá til þess að þeir sem bera fjárhagsábyrgð vegna skuldbindinganna verði látnir greiða það tjón.

* GREINAR 4 TIL 8 ERU NÝJAR VIÐBÆTUR FRÁ FJÁRLAGANEFND.



KOMDU Á STEFNUMÓT VIÐ MARGA AF BESTU LISTAMÖNNUM ÞJÓÐARINNAR



Fjögurra sýninga leikhúskort kostar aðeins

9.900 kr.



FÁÐU ÞÉR KORT Komdu til okkar á Hverfisgötuna, hringdu í síma 551 1200, sendu okkur póst á midasala@leikhusid.is
- og þú átt í vændum ótal ánægjustundir í allan vetur



1. Hvaða tveir kvikmyndaleikstjórar ætla að opna myndlistarsýningu saman í Listasafni Reykjavíkur?
2. Hvert fór Hillary Clinton í opinbera heimsókn á dögunum?
3. Hvernig fór kvennalandsleikur Íslands og Serbíu í undankeppni HM?

Bresk sendiráð beðin um að pakka niður, finna sólgleraugu og finna veðurspár:

Ferðamenn þreyta sendiráðin

BRETLAND Bresk sendiráð og ræðismannskrifstofur víðs vegar um heiminn eru orðin þreytt á ýmsum fyrirspurnum sem þeim berast.

Sendiráðsstarfsmenn eru reglulega beðnir um að finna veðurspár, hjálpa fólki við að pakka í töskur eða finna sólgleraugu. Þá hefur verið hringt í sendiráð til að biðja um uppskrift að sultu, og ferðalangur á Ítalíu spurði sendiráðið hvar hann gæti keypt ákveðna tegund af skóm.

„Ef einhver á í alvarlegum vandræðum erlendis, hefur lent í slysi, týnt vegabréfinu sínu eða orðið fórnarlamb glæps, þá getum við hjálpað honum,“ segir

Juliet Maric, ræðismaður Bretlands í Alicante á Spáni. „En við getum ekki gefið upplýsingar um hver má synda í hvaða sundlaug, við getum ekki borgað leigubíla fyrir ferðamenn eða gert neitt í genginu.“

Breska utanríkisráðuneytið hefur tjáð sig um málið og beðið Breta erlendis sérstaklega að hafa í huga að sendiráðin eigi að hjálpa þeim sem eigi í verulegum vandræðum. Fólk verði því að átta sig á hlutverkum sendiráða, svo þau geti einbeitt sér að alvarlegum málum þar sem fólk virkilega þurfi á hjálp að halda.

- þeb



SPÁN Starfsmenn í utanríkisþjónustu Bretlands hafa verið beðnir um ótrúlegustu hluti, og eru þreyttir á að tíma þeirra sé eytt í slíkt.

Bolungarvíkurgöng: Unnið að gerð vegskála

SAMGÖNGUMÁL Byrjað verður að steypa vegskála Bolungarvíkurgöngum í dag eða á næstu dögum. Fljótlega verður lokið við gerð vegskála Hnífsdalsmegin í göngunum.

Búið er við því að gangaopið opnast í báðar áttir í nóvember. Lengri tíma en áætlað var hefur tekið að vinna í göngunum Hnífsdalsmegin þar sem óheppi-leg setlög hafa gert að verkum að aðeins er hægt að sprengja um tvo til þrjá metra í einu. Þá fer meiri vinna í það að styrkja bergið og grafa laust berg út úr göngunum.

- þeb

Fiskikóngurinn

Mánudagstilboð

ÝSA Í RASPI


1.190,-

NÝLAGAÐUR PLOKKFISKUR

1.190,-

NÝJAR ÍSLENSKAR
KARTÖFLUROG RÚGBRAUÐIÐ
GÓÐA FRÁ HP SELFOSSI.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755



Spárnar ganga eftir

Atvinnuleysi í júlí var átta prósent. Langtímaatvinnuleysi eykst sem er áhyggjuefni. Fólk sekkur dýpra í vonleysi og þarf hvatningu og ráðgjöf.

VINNUMARKAÐUR „Það jákvæða sem er að fréttu af vinnumarkaði er að atvinnuleysi á meðal námsmanna varð minna en við óttuðumst,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuástandsfundunar. Atvinnuleysi í júlí var átta prósent sem jafngildir því að 13.756 manns hafi að jafnaði verið án atvinnu.

Gissur segir að atvinnuleysistölur muni lækka á næstunni sökum þess að námsmenn hverfi af vinnuarkaði. Hins vegar megi búast við að atvinnuleysistölur hækki aftur á síðustu mánuðum ársins og spár um tíu prósentu atvinnu-

leysi að meðaltali á ársgrundvelli gangi eftir. „Við vonum hins vegar að þetta óvissuástand í efnahagsmálum fari að gefa eftir því að ef tiltrú atvinnurekenda eykst eru hlutirnir fljóttir að gerast.“

Þeir sem verið hafa á atvinnuleysisskrá lengur en í sex mánuði eru nú um helmingur atvinnulausra eða ríflega sjö þúsund manns. Frá því í febrúar hefur langtímaatvinnulausum fjölgað úr um tíu prósentum allra atvinnulausra í um helming þeirra.

„Þetta er áhyggjuefni því að þetta snýr að því að menn haldi

vinnuhæfni og starfshvata,“ segir Gissur. Hann telur að allt of fáir séu skráðir í þau úrræði sem standa til boða, en þeir voru 612 í júlí sem nemur aðeins fjórum prósentum af heildinni. „Reynslan sýnir að það þarf bæði að ýta og draga fólk sem lendir í langtíma atvinnuleysi. Það liggur við að það þurfi að beita fólk þvingunum til að úrræðin séu nýtt. Við erum þó óhrædd við að gera það, því að við vitum að fólk er greiðt gerður með því að koma því af stað út á vinnuarkaðinn að nýju.“

svavar@frettabladid.is



Söguganga í Laugardal

Árið 1930 var heitu vatni dælt úr Laugunum til Reykjavíkur í fyrsta sinn og markar það upphaf

hitaveitu. Gengið verður um orkusöguslóðir: Laugardalur-Bolholt-Fúlatjörn. Gangan hefst þriðjudaginn 18. ágúst við Þvottalaugarnar kl. 19:30. Leiðsögumaður er Stefán Pálsson sagnfræðingur. Einnig bendum við á að upplýsingar um gönguleiðir á Hengilssvæðinu eru á vef OR, www.or.is/ganga.



Orkuveitan kostar flugeldasýningu á Menningarnótt og hefur gert frá upphafi hátíðarinnar.

www.or.is

Einkaskólar á grunnskólastigi auglýsa enn eftir nemendum:

Breytist fram á síðasta dag

MENNTUN „Staðan hjá okkur er ágæt eins og hún lítur út í dag. Við getum enn bætt við nemendum í nokkra bekki,“ segir Fríða Regína Höskuldsdóttir, skólastjóri Landakotsskóla. Síðustu daga og vikur hafa tveir af einkaskólum á grunnskólastigi í Reykjavík, Landakotsskóli og Ísaksskóli, auglýst eftir nemendum fyrir komandi skólaár sem hefst í vikunni.

Að sögn Regínu er nemendastaðan í Landakotsskóla svipuð og verið hefur undanfarin ár. „Það hafa lengi verið laus pláss fyrir nemendur á þessum árstíma, og þá erum við að miða við að skipa um tuttugu nemendum í hvern bekk.“ Regína segist allt eins hafa búið við að foreldrar myndu í auknum mæli skrá börn sín í sveitarfélagaskóla, þar sem ekki er krafist skólagjalda, en það virðist ekki hafa komið á daginn. „Hins vegar tekur nemendafjöldinn breytingum síðustu dagana fyrir skólasetningu. Bæði er verið að skrá börn í skólann og yfir í aðra skóla,“ segir Fríða Regína Höskuldsdóttir.

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, skólastjóri Ísaksskóla, tekur í sama streng varðandi breytingar á nemendafjölda fram á síðasta dag. Spurð hvort slíkar breytingar hafi áhrif á starfsmannafjölda skólans segir hún að svo geti verið. „Við tökum frekar



LANDAKOTSSKÓLI Skólastjórar einkaskólanna segja nemendafjöldann taka breytingum allt fram á síðasta dag fyrir skólasetningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

áhættuna að hafa færri starfsfólk en fleira. Ef fleiri börn eru skráð í skólann en við búumst við þá er lúxusvandamál, því lítið mál er að fá ráðna kennara í augnablikinu. Við kjósum frekar að fara þá leið en að þurfa að segja upp starfsfólki,“ segir Sigríður Anna Guðjónsdóttir.

- kg

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Skráðu þig í tölvunám! Menntun sem gefur þér forskot



Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á meira en 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Stutt og hnitmiðað nám

● Byrjendanám

Tölvufærni fyrir byrjendur • 30 st./29.900
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/11.900
Windows fyrir byrjendur • 9 stundir/11.900
Fingrasetning - tölvuvérlitun • 6 st./7.500

● Stafræn ljósmyndun og myndbönd

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 st./12.900
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/16.900
Photoshop Elements • 13 stundir/17.900
Stafræn myndbandagerð • 13 stundir/17.900

● Access

Access I: Almenn ritvinnsla • 22 stundir/29.900
Access II: Sérhæft nám • 18 stundir/34.900

● Word

Word I: Almenn ritvinnsla • 22 st./26.900
Word II: Kraftmikil ritvinnsla • 18 st./26.900
Vinnsla langra skjala í Word • 13 st./18.900
Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 st./8.900

● Excel

Excel I: Almenn nám • 22 st./26.900
Excel IIa: Sérhæft nám • 18 st./32.900
Excel IIb: Fjárm., bókh. & endsk. • 18 st./39.900
Excel IIc: Fjölvar og forritun • 27 st./49.900
Excel: Pivottöflur • 5 st./12.900

● PowerPoint

PowerPoint I: Almenn nám • 13 st./16.900
PowerPoint II: Sérhæft nám • 9 st./14.900
PowerPoint I + II • 22 st./25.900

● Outlook

Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • 13 st./16.900
Outlook II: Fyrir lengra komna • 9 st./14.900

● Publisher

Publisher: Bæklingar, kort ofl. • 13 st./18.900

● Vefsíðugerð, Photoshop og Flash

DreamWeaver vefsíðugerð • 27 st./32.900
DreamWeaver og Photoshop • 54 st./54.900
DreamW., Photoshop og Flash • 72 st./76.900
Flash: Margmiðlun • 18 st./27.900
Flash II: Forritun • 18 st./27.900
Photoshop: Ljósmy. og grafík • 27 st./32.900
Photoshop II: framhald • 18 st./32.900

● Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 13 st./34.900
MS Project verkefnastjórnun • 18 st./44.900
Skrifstofuskilvirni (Efficiency) • 9 st./18.900
Hugarkort - MindMaps • 4 st./9.900

Hagnýtt bókhaldsnám

Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Kennir eru allir algengustu þættir fjárhagsbókhalds, tölvubókhalds, uppgjörs-afstemningar, virðisaukaskatts, ofl..

Lengd: 94 stnd./63 klst. Verð: 99.900

Hagnýtt bókhaldsnám II

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flókarni færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi bókhaldskera til að vinna upplýsingar úr þeim til stjórnunar og endurskoðanda. Nám sem gerir þér kleift að verða betri bókar og geta gengið frá sundurliðunum til skatta-uppgjörs og ársreikningagerðar til uppgjörs-aðila eða endurskoðanda.

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 79.900

Hagnýtt bókhaldsnám I+II: Verð 169.900

Skrifstofunám

Tölvu- og bókhaldsnám

Einstakt nám fyrir þig með meignáherslu á hagnýta tölvunotkun og bókhald.

Helstu kennslugreinar:

- Upplýsingatækni, Office 2007, Outlook, verslunarreikningur, bókhald ofl.

Lengd: 260 stnd./173 klst. Verð: 169.900

Skrifstofu- og tölvunám

Hnitmiðað nám ef þú vilt verða liðtæk(ur) við fjölbreytt skrifstofustörf og vinnu við tölvu.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Office 2007 og Outlook.
- Tímastjórnun, markmiðasetning, framsögn, vinnumarkaður og launamál.

Lengd: 200 stundir/132 klst. Verð: 129.900

Einka- og hópkennsla

Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar. Hagstætt verð fyrir hópna á sérnámskeið.

MCITP og MCTS nám

MCITP Windows 2008 kerfisstjórn

Námið undirbýr þig undir það að taka þau þrjú próf sem þarf til að verða Microsoft Certified Server Administrator (MCITP). Hægt er að sækja einstök námskeið (MCTS).

Lengd: 180st./120klst. Verð: 269.000

Einstök MCTS námskeið. Verð: 99.999

Upplýsingar um MCITP/MCTS nám á tv.is.

Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa lítila reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálförýggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. Verð: 74.900.

Tölvunám fyrir 50+

Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækinnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 72 stundir/48 klst. Verð: 64.900

Tölvuþekking fyrir konur

Einstakt námskeið til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stíguðu rétta skrefið og læru á Windows, ritvinnslu í Word, Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi.

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 54.900

Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndir inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst. Verð: 16.900

Bjóðum einnig námskeið um Picasa og Photoshop Elements fyrir áhugaljósmyndara

Vefhönnun og margmiðlun

Náðu þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Spannandi og skemmtilegt nám.

Helstu kennslugreinar

- Hönnun og skipulag vefja
- HTML forritun
- DreamWeaver vefsíðugerð
- Photoshop myndvinnsla og grafík
- Flash I+II margmiðlun

Lengd: 108 st./72 klst. Verð: 129.900

Vefsíðugerð grunnur

Læru grunnatriðin í vefsíðugerð með DreamWeaver og Photoshop.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 54.900

Hagnýt verkefnastjórnun

Einstakt nám ef þú vilt ná góðum tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná hámarks árangri við smá jafnt sem stór verkefni.

Helstu kennslugreinar:

- Undirstaða nútíma verkefnastjórnunar og helstu aðferðir sem leiða til vel heppnaðra verkefna og stjórnunar.
- Aðferðarfræði við að undirbúa, áætla og stjórna smáum jafnt sem stórum verkefnum.
- Hugbúnaður við verkefnastjórnun. Kennir á hugbúnað sem notaður er við verkefnastjórnun s.s. MS Project, Outlook, FreeMind hugarkort og áætlanagerð í Excel.

Lengd: 50 stundir/33 klst. Verð: 99.900

Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgrípsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni og alþjóðlega próftöku í forritun. Einnig kennt á ASP.

Lengd: 94 stundir/63 klst. Verð: 159.900

Kennt er á kvöldin, tvisvar í viku. Þetta nám er einnig í boði sem fjarnám!

ASP .NET vefforritun

Einstakt námskeið til að læra vinsælasta vefforritunarmálið. Mjög reyndur forritari leiðir þig í allan sannleika um hvað hægt er að gera með ASP.

Lengd: 36 stundir/24 klst. Verð: 79.900

Kennt er á kvöldin, tvisvar í viku. Þetta nám er einnig í boði sem fjarnám!

Styrkur til atvinnulausra

Atvinnulausir fá 15% afslátt hjá okkur!

Hafðu samband við Vinnuálastofnun og stéttarfélagið þitt og kannaðu hvaða styrki þú getur fengið hjá þeim.



Smurostar

á brauðið, á hrökkbrauðið,
í pastaréttina, í fiskréttina,
í sósumnar ...



ostur.is

Uppskeruhátíð Skólagarða Reykjavíkur hefst í dag:

Skólagarðarnir fullir í sumar

SAMFÉLAGSMÁL Fleiri en 600 börn á aldrinum átta til tólf ára hafa ræktað sitt eigið grænmeti í Skólagörðum Reykjavíkur í sumar. „Sumarið hefur gengið mjög vel en börnin hafa oft þurft að vökva garðana vegna þess að sumarið hefur verið svo þurrt, er haft eftir Auði Jónsdóttur hjá Skólagörðum Reykjavíkur í fréttatilkynningu. Uppskeruhátíð hefst í gær og lýkur á miðvikudag.

Alls stóðu 620 garðar skólabörnum til boða og átti það að vera meira en nóg, því í fyrra voru ónýttir garðar á flestum stöðum þar sem garðarnir eru starfræktir. Ásóknin var hins vegar svo mikil í sumar að allt fylltist.

Skólagarðarnir hefjast í byrjun júní og fær hvert barn úthlutað átján fermetra garði, plöntum og fræjum.

FRÁ SKÓLAGÖRÐUM Mun meiri áhugi er nú en í fyrra.
MYND/HRÖNN AXELSDÓTTIR



Erfiðar forsetakosningar í Afganistan

Fáir reikna með að forsetakosningarnar í Afganistan gangi snurðulaust fyrir sig. Erfitt verður að koma í veg fyrir kosningasvindl og búast má við árásum á kjörstaði sem fæla kjósendur frá. Karzai forseti telst varla öruggur með sigur.

AFGANISTAN, AP Á fimmtudaginn verða haldnar forsetakosningar í Afganistan. Fáir reikna með að þær gangi snurðulaust fyrir sig. Meira að segja kosningaefirlitsmenn segjast geta sætt sig við kosningasvindl í einhverjum mæli.

„Ef spilling eða kosningabrot verða innan við tíu prósent, þá get ég sætt mig við það,“ segir Jandad Spinghar, framkvæmdastjóri stærstu óháðu kosningaefirlitssamtaka landsins,

„Mín persónulega tilfinning er að við getum ekki búist við því að kosningarnar verði í samræmi við þá staðla sem tíðkast í Bandaríkjunum eða Dýskalandi eða Frakklandi, en að minnsta kosti ættum við að reyna að standa að kosningunum með sambærilegum hætti og tíðkast í þriðja heiminum,“ segir hann.

Vandinn er sá, að leiki vafi á réttmæti kosningaúrslitanna má búast við að frambjóðendur og stuðningsmenn þeirra láti í sér heyra og mótmæli harðlega. Framhaldið gæti orðið langvarandi óvissa og umrót í stjórnmalum landsins, þar sem stjórnvöld eiga nú þegar í mestu vandræðum með að halda um stjórnartaumana.

Meðal þess sem óvissa ríkir um er fjöldi kjósenda, en á opinberri kjörskrá eru meira en sautján milljónir manna. Stuðningsmenn eins frambjóðendanna, Abdullah Abdullah utanríkisráðherra, segja hér vera maðk í mysunni,



HELSTI KEPPINAUTUR KARZAI Abdullah Abdullah, utanríkisráðherra í stjórn Hamids Karzai, á kosningafundi í borginni Mazar-i-Sharif. Abdullah á möguleika ef Karzai nær ekki helmingi atkvæða og efna þarf til annarrar umferðar milli tveggja efstu frambjóðendanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

því skráðir kjósendur séu fleiri en kosningabærir menn í landinu.

Bandaríska leyniþjónustan CIA telur að íbúar landsins séu 33,6 milljónir og helmingur þeirra sé yngri en átján ára. Enginn getur þó verið viss um þessar tölur, því manntal hefur ekki verið tekið síðan 1979.

Þetta verður í annað skiptið sem haldnar eru forsetakosningar í þessu stríðshrjúða landi. Árið 2004 vann Hamid Karzai öruggan sigur, með ótvíræðum stuðningi Vesturlanda.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun er Hamid Karzai áfram sigur-

stranglegastur, með 44 prósentu stuðning, en næstur honum kemur Abdullah utanríkisráðherra, sem hefur unnið verulega á og er kominn með 26 prósentu stuðning.

Úrslitin eru engan veginn örugg, því nái Karzai ekki helmingi atkvæða þá verður að kjósa að nýju milli þeirra tveggja frambjóðenda sem flest atkvæðin fá. Væntanlega þeirra Karzais og Abdullahs.

Í síðustu viku bauð Karzai helstu mótframbjóðendum sínum ráðherrastól ef þeir tapa, en Abdullah er reyndar þegar ráðherra í ríkisstjórn Karzais.

gudsteinn@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri LÍÚ spyr hvort makrílveiðar strandríkja standist lög:

Makrílveiðar okkar löglegar

SJÁVARÚTVEGSMÁL Það er álitamál hvort makrílveiðar Norðmanna, Færeyinga og strandríkja Evrópusambandsins eru ólöglegar í ljósi þess að þjóðirnar hafa tekið sér kvóta í tegundinni sem er langt umfram veiðiráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Veiðiráðgjöfin fyrir 2009 er 443-578 þúsund tonn en þessi lönd hafa ákveðið að veiða 642 þúsund tonn. Hluti kvóta þeirra er ákveðinn einhliða. Þessari spurningu veltir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, upp.

„Strandríkin hafa gagnrýnt makrílveiðar Íslendinga harkalega og ákveðinir aðilar hyggjast sniðgangna íslenskar makrílafurðir með vísan til þess að makrílveiðar okkar séu ekki lögmæt,“ segir Friðrik. „Hins vegar hlýtur öllum að vera ljóst að Ísland er strandríki og veiðar í okkar lögsögu byggja á sömu rökum og réttur Norðmanna og aðildarríkja ESB til að veiða makríl í sinni lögsögu.“

Eins og kunnugt er hafa strandríkin neitað Íslendingum um sæti við samningaborðið þegar kemur að kvótaúthlutun á makríl. Hins vegar ber þeim skylda til að semja við Íslendinga um stjórn makrílveiðanna samkvæmt Hafréttarsáttmála SD og úthafsveiðisamningnum, segir Friðrik. Það er ekki enn ljóst hvort Íslandi verður meinud þátttaka um stjórnun veiða fyrir árið 2010. „Þar til



SIGHVATUR BJARNASON VE 112 þúsund tonna makrílkvóti okkar er svo gott sem allur kominn á land.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

strandríkin viðurkenna Ísland sem fullgildan aðila að stjórn veiðanna og réttmæta hlutdeild okkar munum við stunda lögmæt makrílveiðar á okkar forsendum,“ segir Friðrik.

- shá

Fengu báðir draumastarfið að námi loknu!

"MCSA (nú MCITP) námið hjá NTV veitti okkur það forskot sem við þurftum til að fá vinnu í þessum geira og tryggði okkur í sessi þar. Skólinn kom okkur verulega á óvart með góðum kennurum og sérfræðinámi í fremsu röð."

[Davíð Jón Sigurðsson - Kerfisstjóri] [Pétur Björn Heimisson - Kerfisstjóri]

NÁM SEM GEFUR ÞÉR MÖGULEIKA Á STARFI HÉRLENDIS OG ERLENDIS

MCITP - Netstjórnun (áður MCSA)

185 stundir - Verð: 319.000.- Einingar til stúdentprófs: 9

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows 2008 server stýrikerfinu og geti að náminu loknu sinnt öllum þeim hlutverkum sem þarf við rekstur tölvukerfis.

Þetta er nýjasta gráðan frá Microsoft og er arftaki MCSA prófgráðunnar. Gráðan er ein sú sterkasta sem í boði er á alþjóðavísu og er oft ein helsta krafan sem gerð er til umsækjenda um stöður á þessu sviði.

Þetta nám er undirbúningur fyrir þau þrjú próf sem þarf til að öðlast MCITP gráðuna sem gefur starfstílinn: **Microsoft Certified Server Administrator**.

Prófin eru öll innifalin í verði námskeiðsins. Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, verkefnavinnu og mikið er um verklegar æfingar.

Inntökuskilyrði: Þeir sem hyggja á þetta nám þurfa að hafa haldbærann skilning á Windows umhverfinu. Góð enskukunnátta er nauðsynleg þar sem allt kennsluefni er á ensku.

Velkomið er að leita til NTV varðandi námsráðgjöf.

Morgunnámskeið: Hefst: 1. september - Lýkur: 12. nóvember

Eftirmiðdagsnámskeið: Hefst: 31. ágúst - Lýkur: 11. nóvember

Kvöldnámskeið: Hefst: 1. september - Lýkur: 11. nóvember

Helgarnámskeið: Hefst: 5. september - Lýkur: 13. desember

Kennarar námskeiðsins:



Karl Gunnar Jónsson er háskólamenntaður tölvunarfræðingur með 10 alþjóðlegar prófgráður og mikla reynslu af rekstri tölvukerfa úr atvinnulífinu.



Jón Arnar Jónsson, sérfræðingur hjá EJS, er Microsoft Certified Trainer, með 15 alþjóðlegar prófgráður og mikla reynslu af rekstri tölvukerfa úr atvinnulífinu.

Atvinnulausir fá 25% afslátt frá auglýstu staðgreisluverði

OPIN KERFI

Microsoft
CERTIFIED
Partner



Upplýsingar og skráning: 544 4500 / www.ntv.is

Fjölmenning er ekki trygging fyrir hagsæld þjóða.

Heimskra manna ráð?

JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR

Á sínum tíma þurftu Íslendingar að heyja baráttu til að tryggja að íslensk tunga yrði stjórnsýslu- og verslunarmál. Við þurftum að berjast fyrir því að hér ríkti virðing fyrir íslenskri þjóðmenningu og íslenskum aðstæðum. En Íslendingar hafa alltaf verið fúsir til að leita aðstoðar, ráðgjafar og þekkingar erlendis. Námsfólk hefur leitað í miklum mæli til útlanda. Og hér eru jafnan margir erlendir ráðgjafar og sérfræðingar.

Íslendingum finnst ekki mótsetning eða andstæða í þessu. Við viljum standa á eigin fótum og virða móðurmálið, en hins vegar höfum við metnað til að sækja okkur þekkingu og ráð þar sem best verður á kosið erlendis sem hérlandis.

Nýlega sagði erlendir sérfræðingur í hagfræði, sem hlotið hefur vegtyllur hér, að Íslendingar gætu varla séð fótum sínum forráð vegna fámennis, einhæfis atvinnuvega, fjarlægða, kunningjavalds og skorts á sérfræðiþekkingu. Ummæli þessa sérfræðings minntu mjög á sjónarmið dönsku stjórnarinnar fyrir tvö hundruð árum. Hér er reynt að beita áhrifastöðu sem vopni gegn þrótti og metnaði þjóðarinnar. Slíkt er vindhögg og Íslendingar munu ekki hlaupa eftir þessum golubýt.

Lýsingin á íslenskum aðstæðum sem hér var rakin minnr þvert á móti á stöðu mála meðal milljónaþjóða þar sem fámennir forystuhópar sitja að öllum valdastöðum í krafti auðs og háskólagöngu. Meðal þeirra þjóða eru dæmin líka krafnd um spillingu, hyglun og kostnaðarsöm mistök af slíkum sökum.

Smáþjóðir eins og Íslendingar hafa líka við sína drauga að fást. En öll reynsla Íslendinga, Færeyinga, Sama, Grænlandinga, Maltverja, Lúxembúrgara, Baska, Katalóna, Sikileyinga, Kórsíkumanna, Azoreyinga, Slóvena, Albana, Eista, Letta, Skota, Bretóna og margra fleiri smáþjóða hnígur eindregið í þá átt að fjöldi og atgervi fari ekki saman með þeim hætti að fámenn samfélög standi höllum fæti að þeim sökum. Allar þessar þjóðir hafa fengið að kynast yfirdrottunarhög stórþjóðanna. Allar hafa þær fengið að kynast drambinu í sumum erlendum sérfræðiráðgjöfum.

Smáþjóðir sækjast eftir þátttöku í Evrópusambandinu, ekki til að samlagast eða hverfa inn í stærri heild, heldur til að eflast og finna metnaði sínum verðugt viðfang. Reynsla þeirra í Evrópusambandinu hefur staðfest þetta.

Nú þarf að örva og efla Íslendinga og auka þeim metnað og þrótt. Það þarf að tala kjark í þjóðina. Það þarf að efla íslenskan þjóðarmetnað og íslenskt þjóðarstolt. Íslendingar vita eins og aðrar smáþjóðir að þróttur, metnaður og árangur vinnast innan að, og að fullveldi og sjálfstæði eru sívirk uppspretta kraftaverka. Einmitt þannig eflumst við til samstarfs við aðra.

Smáþjóðirnar vita fullvel að ofríðarsaga stórþjóðanna staðfestir orð Ólafs pá, að því verr muni duga heimskra manna ráð er þau koma fleiri saman. Að undanförunu hafa ýmsir hagfræðingar, erlendir sem íslenskir, ekki bætt við virðingu eða traust á menntun sinni. Guði sé lof að orð Ólafs pá eiga ekki við um þá alla líka.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARITSTJÓRI: Steinn Stefánsson steinn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdum verslunum á landsþvöngum. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Getum bætt við nemendum á lækningarbraut, lyfjateknabraut og í nám í lyfjatekni með starfi

Enn eru laus pláss í fjarnám á lækningarbraut og í dagskóla á lyfjateknabraut Fjölbrautaskólans við Ármúla. Einnig eru laus pláss í lyfjateknánám með starfi þar sem kennsla fer fram síðdegis þrjá daga vikunnar.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans www.fa.is og hjá kennslustjórum námsbrautanna: Bryndís Þóra Þorsdóttir kennslustjóri lyfjateknabrautar, netfang: binna@fa.is og Guðrún Narfadóttir kennslustjóri lækningarbrautar, netfang: gnarfa@fa.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ofvirkt upplýsingastreymi

Síðustu vikur hafa verið í meira lagi viðburðaríkar hjá Borgarahreyfingunni, og nýliðin helgi var engin undantekning. Gárungar veraldarvefsins hafa ekki setið auðum höndum heldur keppt hver um annan við að henda gaman að innan- og utanhúsdæluum hins unga stjórnmaláafls. Til að mynda hefur gengið milli manna í tölvupósti skýringarmynd, þar sem nýkjörnum þingmönnum er kennt að forðast í lengstu lög „reply all“ hnappinn í skeytum sínum, og þar vísað til ógæfu Bjarna Harðarsonar og Margrétar Tryggva-

dóttur í tölvusamskiptum. Einhverjir hafa líka bent á að sú lenka að senda persónuleg bréf á fjölda manns hljóti að vera liður í viðleitni Borgarahreyfingarinnar til að „efla upplýsingastreymið“ og efna þannig eitt af helstu kosningaloförðum hreyfingarinnar.

Liggur í augum úti

Lítið hefur heyrst frá Lýðræðis-hreyfingu Ástþórs Magnússonar undanfarið. Í gær rauf Ástþór þó þögnina, í það minnsta á bloggi sínu, og birti þar nýtt bréf til Páls Magnússonar útvarpsstjóra. Eins og

kunnugt er sakaði Ástþór Ríkisútvarpið um það í kringum kosningar að hefja lýðræðislega umræðu, og halda hreyfingu hans úti í kuldanum. Í gær ítrekaði hann kröfur sínar um að Silfri Egils verði víkið úr dagskrá Ríkisútvarpsins. Ástæða ítrekunarinnar var sú að Egill Helgason upplýsti á Bylgjunni í gærmorgun að hann hefði kosið Borgarahreyfinguna í kosningum í vor. Þar telur Ástþór vera komna líklegustu skýringuna á því „hvers vegna Lýðræðishreyfingin var útilokuð frá þættinum“ í aðdraganda kosninga.

kjartan@frettabladid.is
thorunn@frettabladid.is

Siðfræði Icesave-málsins

Icesave-málið er siðferðilegt. Ekki síður en efnahagslegt og lagalegt. Skoðum nokkur efnisatriði.

Stjórnendur Landsbankans reyndu að forða honum frá þroti með söfnun sparifjár á netinu frá almenningi í Bretlandi og Hollandi, eftir að fjármálamarkaðir lokuðust bankanum að öðru leyti. Hvers vegna er þessi iðja Íslandi viðkomandi?

Bankinn var íslenskur, með íslenskt starfsleyfi og bar nafn landsins. Bankinn var undir eftirliti íslenskra yfirvalda. Íslenskur tryggingasjóður átti að tryggja innstæðurnar að tilgreindu lágmarki. Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað staðfest slíka ábyrgð. Með þessu veðsettu bankamennirnir íslensku þjóðina alla án þess að láta vita eða spyrja leyfis.

Samt segja sumir nú að íslenska þjóðin beri ekki ábyrgð á þessari skuld. Hvað þýðir það? Jú, með því er fullt að íslenskur banki hafi mátt raka að sér erlendu sparifé, undir fölsku flaggi. Innstæðutryggingakerfið íslenska hafi verið „í plati“ gagnvart útlendingum en í fullu gildi fyrir Íslendinga, sem hafa nú þegar fengið innstæður sínar bættar. Forsendan er sú, að Landsbankinn hafi mátt ræna almenning í Bretlandi og Hollandi að vild, ef allt færi á versta veg.

Davíð Oddsson fulltítt þannig nýlega að Íslendingum bæri ekki að greiða þetta. Málið er honum skyldara en öðrum. Hann handvaldi Björgólfs-feðga til að kaupa bankann þó þeir væru ekki með hæsta tilboðið. Framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og náninn samstarfsmaður Davíðs, Kjartan Gunnarsson, var varaformaður bankaráðsins þegar Icesave-reikningarnir voru innleiddir og allt til hrunsins.

Davíð átti svo sjálfur að vernda fjárhagslegan stöðugleika



STEFÁN ÓLAFSSON Í DAG | Icesave-málið

þjóðarbúsins eftir að hann gerðist seðlabankastjóri, þar á meðal átti hann að vernda okkur gegn áhættunni af Icesave-útrásinni. Þar brást hann algerlega. Flokkur hans fór með aðalstjórn efnahags- og fjármála allan tímann og hélt um alla þræði. Icesave-málið er því sem næst einkamálið Sjálfstæðisflokksins.

Svo segja menn að ábyrgð okkar hefði átt að útkljá fyrir dómstólum. Þar hefði málflytningur okkar þurft að vera sá, að innstæðutryggingakerfið á Íslandi hefði aðeins verið fyrir íslenska viðskiptavinum Landsbankans en ekki þá erlendu. Halda menn að nokkur dómstóll hefði dæmt Íslandi í vil í slíku máli? Varla. Líklegra er að slík framgangna hefði opinberað okkur sem ræningjaþjóð.

Loks segja sumir að forsætisráðherra eigi að taka málið beint upp við leiðtoga Bretlands og Hollands. Biðja eigi griða því þjóðin ráði ekki við ábyrgðina (þó útreikningar sýni annað). Utendingarnir vita betur. Þeir munu réttilega segja: Íslendingar lifðu um efni fram á annarra þjóða fé og nú er komið að skuldadögum. Lífskjör Íslendinga verða um margt betri en lífskjör Breta þrátt fyrir þessar auknu byrðar.

Mér sýnist af öllum gögnum málsins og vel rökstuddum greinum Steingríms J. Sigfússonar og Indrída H. Þorlákssonar og fleiri að niðurstaðan sé skýr.

Hártoganir um langsótta laga-klæki eða kvein um að við ráðum ekki við þetta koma okkur hvorki lönd né strönd. Það er því ekki viðeigandi að betla né hlaupa frá málinu. Í öllu falli er slíkt ekki tímabært. Við þurfum nú að sýna heiminum að við erum heiðarleg þjóð sem vill standa við skuldbindingar sínar.

Þeir sem vilja fella samninginn þjóða heldur ekki upp á neina vit-ræna lausn. Fullyrða einungis að hægt sé að fá betri samning, án þess að neitt bendi til þess. Þó var fyrir ríkisstjórn komin áleiðis með verri samning síðastliðið haust. Markmið stjórnarandstöðunnar er aðeins að skapa ríkisstjórninni erfiðleika og fella hana.

Það er tímabært fyrir þjóðina að komast á lappir aftur og nú eins og síðað fólk. Fornarlömb Icesave-útrásarinnar hafa boðist til að lána okkur fyrir skuldinni, að mörgu leyti í viðunandi kjörum. Endurskoðun er möguleg síðar, meðal annars með eðlilegum fyrirvörum Alþingis.

Verkefnið við siðferðilega endurreisn Íslands er ekki síður viðamikili en björgun þjóðarinnar úr rústum „fjármálamiðstöðvarinnar“, sem hönnuð var á grundvelli róttækra frjáls-hyggju í Sjálfstæðisflokki. Gripdeildarsíðferðið sem af því spratt þarf að kveða niður.

Frágangur Icesave-málsins sýnt um að byggja á ný traust á Íslendingum. Það er gæfa við þessar erfiðu aðstæður að hafa fólk í forystu ríkisstjórnarinnar sem allir vita að er heiðarlegt og vinnur vel. Vonandi standa flokksmenn þeirra beggja við bakið á þeim alla leið.

Þeir sem bera hina eiginlegu sök á því hvernig komið er fyrir þjóðinni eiga hins vegar enn eftir að biðjast afsökunar, svo ekki sé meira sagt.

Höfundur er prófessor við Háskóla Íslands.

Rétt niðurstaða er sú sem þjóðin nær sátt um

UMRÆÐAN

Hjörtur Hjartarson skrifar um Icesave

Eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar fyrr og síðar,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra um Icesave-samningana. Steingrímur J. Sigfússon sagði þau vera að ráða fram úr „mesta óláni Íslandssögunnar“. Fólk allra flokka lýsti ábúðarfullt yfir hve mikilvægt væri að „FLOKKARNIR næðu sátt um málið“. Ekki var minnst einu orði á þann sem á að borga brúsann og búa við „sátt“ flokkanna, nefnilega almenning í landinu. Hann er einskis spurður. Almennigur skal – að rótgróinni venju – bljúgur lúta niðurstöðu þeirra



HJÖRTUR HJARTARSON

sem stýrt hafa landinu svo „gæfulega“ undangengin ár. Rétt er að halda til haga í því sambandi að stjórnarandstaða gegnir hlutverki í ríkjum sem kenna sig við lýðræði.

Í stuttu máli: Mikilvægast er að almenningur nái sátt um niðurstöðu í Icesave-krísunni. Sáttin næst með því að ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu. Niðurstaða sem sátt er um er rétt niðurstaða. Niðurstaða sem magnað ósætti ríkir um er röng. Almennigur á stjórnarskrárbundinn rétt til að gera út um málið. Þann rétt má heimta á vef-síðunni www.kjosa.is. Gerum það.

Höfundur er talsmaður „Í okkar hendur“ á www.kjosa.is.

Söngleikurinn sem Íslendingar elska!
Miðasala hefst kl. 10.00 í dag



Söngva Söngurur



Ástsælasti söngleikur allra tíma snýr
aftur á fjalirnar og heldur áfram að kæta
leikhúsgesti í september og október.

Tryggðu þér miða í tíma.

Áskriftarkort Borgarleikhússins:
4 sýningar á aðeins 8.900 kr.

Sama verð
og í fyrra!



Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttablaðið

„Eintóm yndislegheit“

Jón Viðar Jónsson, DV

„Borgarleikhúsið er með stórsýningu í höndunum,
vel heppnaða, skemmtilega og afar vel unna“

Ingibjörg Þórisdóttir, Morgunblaðið

„Þakið ætlaði að rifna af Borgarleikhúsinu“

Björn Ingi Hrafnsson, pressan.is

Fös 4/9 kl. 19 **UPPELT**
Lau 5/9 kl. 19 Örfá sæti

Sun 6/9 kl. 19 Örfá sæti
Mið 9/9 kl. 20 **UPPELT**

Fim 10/9 kl. 19 Örfá sæti
Fös 11/9 kl. 19 Örfá sæti

Fös 18/9 kl. 19 **UPPELT**
Lau 19/9 kl. 19 Örfá sæti

Sun 20/9 kl. 14 **UPPELT**
Lau 26/9 kl. 14 **UPPELT**

Sett upp í samstarfi við



Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

LUDWIG MIES VAN DER ROHE
(1886-1969) LÉST PENNAN DAG.

„Guð er að finna í
smáatriðunum.“

Ludwig Mies van der Rohe var þýskur arkitekt sem jafnan er talinn einn helsti brautryðjandi nútímaarkitektúrs – með áherslu á einföld form, stál og gler.



PETTA GERÐIST: 17. ÁGÚST 1941

Leiguskipi Eimskips sökkt

Á þessum degi árið 1941 var sökkt þýskur kafabátur leiguskipi Eimskipafélags Íslands, Sessu, um 300 kílómetrum suðvestur af Íslandi. Með því létust 24 skipverjar en þrjár komust lífs af. Meðal skipverja voru tveir Íslendingar, Þorvaldur Aðils og Steinþór Wendel Jónsson, en aðrir um borð voru flestir Norðmenn, Danir og Svíar, auk nokkurra Portúgala, Breta og eins Bandaríkjamanna. Þrjár skipverjar náðu að hafast við á fleka í níttján daga áður en þeim var bjargað og „voru orðnir mjög aðþrengdir“, eins og segir í Morgunblaðinu hinn 12. september, en skipsins hafði verið saknað



í nokkurn tíma og ekki var vitað um afdrif þess. Þau voru ekki kunngjörð Íslendingum fyrr en um mánuði síðar. Sessa var á leið til landsins með ýmsar vörur fyrir Íslendinga en skipið var danskt skip í eigu Eimskipafélagsins sem Bandaríkjastjórn hafði lagt lög-hald á en það sigldi undir fána Panama. Fregnin vakti mikla athygli í Bandaríkjunum.

Öðru skipi í eigu Eimskips hf. var sökkt á svipuðum tíma en eftir þessa atburði voru ný ráð tekin upp til að reyna að koma í veg fyrir atburði af þessu tagi; voru skipin til að mynda látin sigla í skipalestum og öll áform um siglingar voru mun leynilegri.

MERKISATBURÐIR

- 1924 Flugbátur kemur í fyrsta skipti til Íslands. Ítalinn Antoni Ocatelli flaug honum og fór héðan næst til Grænlands.
- 1946 Valgerður Þorsteinsdóttir, 21 árs gömul, verður fyrst íslenskra kvenna til að ljúka einkaflugmanns-prófi.
- 1960 Gabon fær sjálfstæði frá Frakklandi.
- 1980 Heklugos hefst og stendur í nokkra daga. Framhald af gosinu verður 9. apríl 1981.
- 1992 Kvikmyndaleikstjórnin Woody Allen viðurkennir að eiga í ástarsambandi við Soon-Yi Previn, sem hann ætteleiddi ásamt leikkonunni Miu Farrow.

tímamót

timamot@frettabladid.is



STÚLKA OG SVANUR Ólöf Erla Einarsdóttir opnar sýningu í Gerðubergi á fimmtudaginn.

Margt á döfinni í Gerðubergi

Haustdagskrá Gerðubergs er fjölbreytileg. Hún hefst með þátttöku í Jazzhátíð Reykjavíkur þar sem ungir og upprennandi tónlistarmenn taka þátt í djasssmíðjum með þekktum erlendum og innlendum kennurum. Böndin Reginfirra, Trans kvintett og Kvartett Leifs Gunnarssonar taka þátt í smíðjunum og sýna af-raksturinn meðal annars á hádegistónleikum í Gerðubergi 17. til 20. ágúst.

Fyrstu sýningar haustsins verða opnaðar fimmtudaginn 20. ágúst. Halldór Baldursson skopmyndateiknari opnar sýninguna í fréttum var þetta helst... þar sem hann dregur upp mynd af aðdraganda kreppunnar. Í september heldur Halldór námskeið fyrir unglinga í skopmyndateiknun.

Sama dag opnar Ólöf Erla Einarsdóttir, grafískur hönnuður, sýningu

una Sögur án orða þar sem sýndar eru ljósmyndir sem eru samsettar úr mörgum lögum mynda með ákveðinni tækni.

Hið vinsæla Handverkskaffi heldur áfram, fyrsta miðvikudagskvöld í hverjum mánuði.

Tónleikaröðin Klassík í hádeginu heldur áfram undir stjórn Nínu Margrétar Grímsdóttur píanóleikara. Í október kemur Gunnar Kvaran sellóleikari fram undir yfirskriftinni Úr gullkistu sellósins.

Í október kemur Kristín Marja Baldursdóttir rithöfundur fram á Ritþingi þar sem Halldór Guðmundsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Ármann Jakobsson ræða við hana um líf hennar og listferil.

Þetta er þó aðeins brot af dagskrá haustsins. Áhugasamir geta kynnt sér hana nánar á www.gerdubergi.is.

JANET ATTWOOD: MEÐ FYRIRLESTUR Á ÍSLANDI

Bandarískur metsöluhöfundur vill efla íslenskar konur

Janet Attwood er ekki mikið þekkt hér á landi en í Bandaríkjunum hefur bók hennar, *The Passion Test*, farið sigurför. Bókin er eins konar sjálfspöf sem hjálpar fólki að finna sinn innri eldmóð, forgangsraða verkefnum og skilja á milli þess sem skiptir máli og þess sem hefur minna vægi. Þær Rúna Magnúsdóttir og Svanhvít Aðalsteinsdóttir komust í kynni við Janet fyrir nokkru á fyrirlestri í London. Ræddu þær meðal annars við hana um efnahagsástandið, sem varð til þess að Janet vildi ólm koma til landsins og hitta þjóð sem upplifir ástand sem hún þarf að forgangsraða í. Þær standa ásamt Bjarneyju Lúðvíksdóttur fyrir því að Janet Attwood kemur til landsins hinn 5. september.

Rúna rekur vefsíðuna connected-women.com sem hefur þann tilgang að efla samskipti og samstöðu kvenna, íslenskra og erlendra, og þar á vefnum hefur hún fengið Janet og fleiri þekktu ameríska kvenkyns fyrirlesara til að flytja erindi. Þeir hafa gefið vinnu sína og ágóðinn af hlustuninni – en hægt er að kaupa fyrirlesturana – á að renna í sjóð til styrktar atvinnusköpun íslenskra kvenna.

„Janet Attwood er afar merkileg kona sem hefur upplifað margt. Bók hennar fór á metsöluhlusta New York Times á fyrsta degi útgáfu og hefur selst vel en auk þess hefur Janet þjálfað um 500 manns sem „Eldmóðs“-þjálfara úti um allan heim og við Svanhvít höfum nú krækt okkur í þau réttindi,“ segir Rúna. Sjálf hefur hún verið í eigin atvinnurekstri í tvo áratugi, átti og rak innflutningsverslun og hefur verið virk í Félagi kvenna í atvinnurekstri en hún situr meðal annars í stjórn félagsins. Hún lærði markþjálfun á Íslandi fyrir nokkrum árum, og starfar við það.

„Ég seldi fyrirtæki mitt í lok árs 2006 og stóð þá frammi fyrir þeirri spurningu hvað ég vildi gera. Minn eldmóður í gegnum tíðina hefur verið í því að sjá konur ná lengra og kannski ekki síst konur sem langar að fara út í eigin atvinnurekstur en eru eitthvað ragar. Ég setti vefsíðu mína upp í kjölfarið og kom mér í samband við fullt af konum



SKIPULEGGJA KOMU ATTWOOD Rúna Magnúsdóttir, Svanhvít Aðalsteinsdóttir og Bjarney Lúðvíksdóttir sjá um að skipuleggja komu Janet Attwood í byrjun september. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

um allan heim með sama áhugamáli,“ segir Rúna en vefurinn er hugsaður sem samfélagsvefur fyrir konur í atvinnulífina. „Í gegnum vefinn heyrði ég svo um Janet og fór á fyrirlestur hjá henni í London. Ég vissi strax að þetta var kona sem ég yrði að heyra í, því í lýsingunni um hana stóð að hún vildi efla aðrar konur. Ég hitti hana og þegar hún heyrði að ég væri frá Íslandi vildi hún óð og uppveg hjálpa til.“ Úr varð áður nefnd vefundasería sem Rúna fékk hjálp Janet Attwood við að setja upp og fá fyrirlesara til að taka þátt í en meðal fyrirlesara eru nokkrar stjórnur úr myndinni *The Secret*.

„Finndu eldmóðinn er yfirskrift heilsdagsvinnustofu hinn 5. september sem við bjóðum almenningi að taka

þátt í með Janet og þar ætla hún meðal annars að reyna að hjálpa fólki að sjá hvernig hægt er að ná árangri í lífinu,“ segir Rúna. Miðar verða seldir á midi.is. Í bóði verða 100 miðar fyrir fólk í atvinnuleit í gegnum Vinnu-málastofnun en einnig styrkja margir starfsmenntunarsjóðir félagsmenn sína til þátttöku.

„Janet verður hér á landinu til 12. september og verður hún einnig með fyrirlesturinn „Vertu stjórnandi í eigin lífi“ hinn 10. september. Janet hefur líka óskað eftir því að fá að gefa börnum og unglíngum tækifæri á að taka prófið sér að kostnaðarlausu og við erum að vinna í því að finna góðan vettvang fyrir þá uppákomu.“

juliam@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Porsteinn R. Helgason

sem lést á Landspítalanum laugardaginn 8. ágúst, verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 18. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afpakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á ABC barnahjálp. Bestu þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða.

Helgi Schweitz Þorsteinsson María Björk Wendel
Jakob Schweitz Þorsteinsson Erla Ruth Harðardóttir
Porsteinn Schweitz Þorsteinsson Tove Larsdotter
og barnabörn.



Ástkær sonur minn, faðir, stjúpfaðir og afi,
Hörður Barðdal,
Brúnastöðum 17, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut að morgni þriðjudagsins 4. ágúst, verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 19. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afpakkaðir, en þeim sem vildu minnast Harðar er bent á Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík.

Sesselja E. Guðnadóttir Barðdal
Jóhanna I. Barðdal
Sesselja E. Barðdal
Bergþóra Fanney Barðdal
Þórður V. Oddsson Marta E. Guðmundsdóttir
og barnabörn.



Elskuleg föður- og afasystir okkar,
Guðmunda H. Ólafsdóttir Whittaker

Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður Ásbúðartröð 5, Hafnarfirði,

verður jarðsönginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 18. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afpakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Míningaröldur, Hrafnistu, Hafnarfirði.

Anna Björg Halldórsdóttir
Halla Sólveig Halldórsdóttir
Magnús Ólafur Halldórsson
Halldór Steinn Halldórsson
Karl Sigurjónsson
Freyja Sigurjónsdóttir



SJÓMINJASAFNIÐ VÍKIN að Grandagarði 8 er opið alla daga vikunnar frá 11 til 17. Leiðsögn um varðskipið Óðin er klukkan 13, 14 og 15. Í safninu má bæði skoða áhugaverðar sýningar en einnig tylla sér í Safnakaffinu sem býður upp á góðar veitingar og einstakt útsýni yfir gömlu höfnina.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið hefst 21. ágúst n.k.



UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414



Halla Haraldsdóttir þreytist aldrei á útsýninu við heimili sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Valdi hús eftir útsýninu

Halla Har nýtur útsýnisins frá stofuglugganum í Garðabæ og á löngum sumarkvöldum situr hún og horfir yfir sjóinn. Dögnum eyðir hún hins vegar í vinnustofu sinni inni á heimilinu og málur flesta daga.

„Að sitja við gluggann í stofunni minni í Garðabænum og horfa yfir sjóinn er einstök upplifun,“ segir Halla Har, gler- og myndlistarkona, sem þó var stödd í berjamó í Skorradalnum þegar náðist í hana. „Ég er nú fædd og uppalin á Siglufirði þannig að ég er sjávarstelpa í mér.“

Halla segir þau hjónin oft sitja við útsýnið á kvöldin. „Það er svo mikið dýralíf þarna, svanir, endur og gæsir og selir sjást líka einstöku sinnum,“ upplýsir Halla og heldur áfram: „Á sumrin er sólarlagið svo fallegt hérna en það er líka mjög vetrarfallegt,“ útskýrir Halla en í góðu skyggni sést langt út á sjó.

Aðspurð segist Höllu finnast gott að búa við sjóinn en þó hefur hún ekki alltaf gert það. „Við áttum heima í Keflavík og þar bjuggum við ekki við sjóinn þó að við höfum séð út á hann frá heimili okkar,“ segir Halla. Þau hjónin bjuggu einnig í Danmörku um tíma. „Þar bjuggum við ekki heldur við sjóinn og vorum dálítið lengi að skilja hvað það var sem vantaði svona rosalega,“ segir Halla og bætir við að þau hafi þó oft lagt leið sína niður að sjó.


„Ég hef alltaf verið mikið fyrir útsýni. Þegar við áttum heima í Keflavík voru margir hissa þegar þeir sáu útsýnið okkar. Við höfum

alltaf valið íbúðir eftir því hvernig útsýnið er,“ segir Halla, sem eyðir miklum tíma í íbúðinni við sjóinn í Garðabænum vegna vinnu sinnar.

„Ég er mjög mikið heima. Ég er með vinnustofu heima og mála flesta daga,“ upplýsir Halla, sem hefur sett upp sýningu í Jónshúsi í Garðabæ og mun opna aðra sýningu á Ljósanótt í Reykjanessbæ. „Íbúðin er þrjú ára, björt og falleg. Ég er fagurkeri í mér og finnst gaman að vera með falleg húsgögn í kringum mig. Við höfum allt einfalt í kringum okkur en mér finnst æðislegt að vera með fallega liti.“

maria@frettabladid.is

SIEMENS



Prífandi og hrífandi gæða-ryksugur frá Siemens. Þú finnur þá réttu hjá okkur. Líttu inn.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Stillanleg rúm á sumartilboði



IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi
Gerð samanburð



www.svefn.is

Lísthúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150 • Opið virka daga kl. 12:00-18:00 – laugardaga kl. 12:00-16:00



Sitt lítið af hverju

Margrét Bjarnadóttir lífgar upp á sveitastemninguna í Fnjóskadal með flóamarkaðinum sem hún setti upp í bílskúrnunum í vor.

Þó að Dæli sé ekki fast við þjóðveg 1 um Fnjóskadal hefur fólk lagt þangað leið sína í sumar til að heimsækja flóamarkaðinn hjá Margréti og verða sér úti um ódýra nytjahluti, bolla, diska, húsgögn eða skrautmuni.

Margrét byrjaði með markaðinn í vor eftir að hafa víðað að sér munum í allan vetur og ætlar að hafa hann opinn eitthvað fram í september. Segir hún viðskiptavinina

Það er ekki slæmt að eignast hnattlíkan á innan við þúsund krónur.

koma víða að. „Ég er búin að fá fólk af öllu landinu í sumar, jafnt úr sumarbústöðunum í Vagla-skógi, þá sem búa hér í kring og svo ferðafólk sem á leið um. Það voru hér Þjóðverjar áðan. Þeir höfðu ferðast um Noreg og Svíþjóð og sögðu þar allt fullt af svona mörkuðum en þetta væri sá fyrsti hér á landi. Þeir voru mjög ánægðir,“ segir Margrét. „Ég kalla þetta flóamarkað því það orð rúmar allt enda er hér sitt lítið af hverju.“

gun@frettabladid.is

Forngripur til minja um lónaðarbankann á Akureyri.

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Bollar, diskar og annar borðbúnaður er í öndvegi en einnig fæst smávegis af húsgögnum og fatnaði.



Bækur, bollar og box.

MaxMara MARINA RINALDI STÆRDIR 42-54
LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR
MaxMara, HVERFIGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

Listrænt kaffihús sem veldur sjóveiki

Kaffihúsið sem Tobias Rehberger hannaði og fékk verðlaun fyrir á listasýningu í Feneyjum myndi valda mörgum ógleði.

Þjóðverjinn Tobias Rehberger hlaut nýverið verðlaunin Gullna ljónið sem besti listamaðurinn á 53. alþjóðlega Feneyjatvíæringnum. Rehberger hlaut verðlaunin fyrir kaffihúsið Was du liebst, bringt dich auch zum Weinen, sem yfirfærir á íslensku sem „Það sem þú elskar fær þig einnig til að gráta.“

Hann starfaði náið með Artek en þaðan fékk hann flest húsgögnin. Hönnun kaffihússins fær flesta til að svima enda svart og hvítt röndótt með hallandi línur. Dómarar keppinnar sögðu Rehberger hafa hugsað laglega út fyrir kassann og því væri hann



Spurning er hvort hin ólíku form og mynstur fá kaffið til að ólga í maga viðskiptavina.

vel að verðlauninum kominn. Kaffihúsið er opið meðan á sýningunni stendur, til 22. nóvember.



NÝKOMNIR AFTUR OFUR VINSÆLU AÐHALDS BOLIRNIR

TANKTOP

1... 2... ready!

teg. Tanktop - í stærðum S,M,L,XL,2X,3X,4X
Litir: Svart / hvítt / húðlitt, verð kr. 5.850,-

Misty
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau: lokað
www.misty.is

Rauðakrosshúsið

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

Mánudagurinn 17. ágúst

Facebook fyrir byrjendur - Langar þig að skilja hvað allir eru að tala um? Tími: 12.00-13.00.

Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks og viðbrögð þess í kjölfar slíkra atburða. Tími: 13.00-14.30.

Prjónahópur - Við ætlum að koma saman, prjóna, hekla, fá okkur kaffi. Allir velkomnir. Tími: 13.00-15.00.

Spænska og spænsk menning - Þriðji hluti af fjórum. Lokað! Tími: 15.00-17.00.

Þriðjudagurinn 18. ágúst

Qi – Gong - Viðar H. Eiríksson leiðir æfingar sem hjálpa fólki að afa, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Einkatímar í söng - Fullt! Umsjón: Hulda Björg Viðisdóttir, söngkennari. Tími: 12.00-14.00.

Sporin 12. – Tilgangur og mikilvægi - Ráðgjafar Lausnarinnar verða með fyrirlestur um mikilvægi sporanna 12 og notkun þeirra til uppbyggingar og sjálfshjálpar. Tími: 13.30-14.30.

Genfarsamningarnir: úrelt plagg eða lifandi grundvöllur mannúðarlaga? Fjallað verður um innihald samninganna, þróun og hvaða þýðingu þeir hafa í nútímanum. Tími: 15:00-16:00.

Miðvikudagurinn 19. ágúst

Farsímakennsla - Viltu læra að nýta farsímann þinn betur? Tími: 12.30-13.30.

Tölvaðstoð - Fáðu persónulega aðstoð. Tölvur á staðnum. Tími: 13.30-15.30.

Ódýrt og umhverfisvænt - Langar þig að gera heimili þitt umhverfisvænna á ódýran máta? Tími: 13.30-15.00.

Bóklúbbur - Spjallað verður um bókina Fótspor á himnum eftir Einar Má Guðmundsson. Tími: 14.00-15.00.

Spænska og spænsk menning - Fjórði hluti af fjórum. Lokað! Tími: 15.00-17.00.

Fimmtudagurinn 20. ágúst

Uppeldi sem virkar- færni til framtíðar, þriðji hluti af fjórum - Foreldrar læra aðferðir til að skapa æskileg uppeldisskilyrði. Lokað! Tími: 12.30-14.30.

Föndur, skrappr myndalbúm - Lærðu að búa til skrautleg og skemmtileg albúm fyrir upphalds myndirnar þínar. Gott er að hafa skæri meðferðis. Tími: 13.00-15.00.

Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

Föstudagurinn 21. ágúst

Einkatímar í söng - Fullt! Umsjón: Hulda Björg Viðisdóttir, söngkennari. Tími: 12.00-14.00.

Endurlífingun og hjartarafstuðtæki - Stutt verklegt námskeið sem getur gert þér kleift að bjarga mannlífi þegar mínútur skipta máli. Tími: 12.30-14.00.

Brjóstsykursgerð - Vissir þú að það er auðvelt að búa til sinn eigin bragðgóða brjóstsykur? Lærðu galdurinn og fáðu smakk með heim.- Tími: 14.00-15.30.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

Rauði kross Íslands Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opíð virka daga kl. 12-17

EIGNAMIDLUN
Reykjavík



Sverrir Kristinnsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
Efnt starfandi fasteignasala Landins

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

Sigtún - glæsilegt skrifstofuhúsnæði



Glæsilegt 480 fm skrifstofuhúsnæði auk mikillar og glæsilegrar sameignar. Húsið stendur á mjög góðum og rólegum stað en örstutt frá aðalmerferðaræðum. Góð bílastæði og gott aðgengi. Húsnæðið er innréttað á vandaðan hátt og glæsilegt. Það skiptist þannig: stór móttaka, 12 skrifstofur, mjög stórt fundarherbergi, skjalgeymsla, ljósritunarherbergi, eldhús og snyrtingar.

Allar nánari upplýsingar veita Sverrir Kristinnsson löggiltur fasteignasali eða Magnús Geir Pálsson sölumaður.



Húsið er skráð 252 fm og er með innbyggðum 47 fm bílskúr. Það stendur hátt á glæsilegum útsýnisstað.

Einbýlishús á fallettri eignarlóð í Mosfellsbæ

Fasteignasalan Heimili hefur til sölu vandað einbýlishús á eignarlóð við Reykjarhvol í Mosfellsbæ.

Húsið er skráð 252 fm með innbyggðum 47 fm bílskúr og stendur hátt á glæsilegum útsýnisstað. Húsið er á einni hæð og er afgirtur sólpallur á þrjá vegu. Á pallinum er heitur pottur og fiskatjörn.

Í húsinu eru fjögur stór svefnherbergi, tvö baðherbergi, opið eldhús og tvær stofur. Inni af stóru hjónaherbergi er baðherbergi og fataherbergi ásamt útgangi út á pallinn. Stofurnar eru bjartar

og stórar með mikilli lofthæð. Þeim er skipt með arni að hluta. Mikið útsýni er úr stofum og úr þeim eru útgangar á pallinn. Eldhús er með fallettri innréttingu, eyju með gastækjum og háfi. Innréttingin er haglega hönnuð og nýttist vel.

Húsið er vel skipulagt í alla staði, bjart og með mikilli lofthæð. Fallettar vandaðar innréttingar eru í því, gólfefni og háar innihurðir. Bílskúr er tvöfaldur með tveimur innkeyrsludryrum og mikilli lofthæð. Gólfíð er flísalagt og mikið geymslurými á millilofti. Inni af bílskúrnum er stórt innréttað þvottahús. Seljandi leitar eftir minni og ódýrari eign. Óskað er eftir kaupþilboði en hagstæð lán hvíla á húsinu.

SIBA
ÞAKRENNUKERFI
á öll hús - allsstaðar

Mikið litaúrval

BLIKKÁS - FUNI
Smíðjuvegi 74 - 201 Kópavogi
Sími 515 8700 - www.blikkas.is



heimili

FASTEIGNASALA

Sími 530 6500
Opíð mán.-fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar

Fasteignasala fólksins í landinu

 <p>Markland - 4ra herb Góð og vel skipulögð 86 fm íbúð á 2. hæð. Nýlegar innréttingar og gólfefni, suður-svalir og mikið útsýni.</p>	 <p>Fjóluhlíð - aukaíbúð. Fallett vandað 260 fm einbýlishús með aukaíbúð á jarðhæð. Fallettur bakgarður með stórum afgirtum sólpalli. Makaskipti.</p>	 <p>Kirkjustétt. - 5 herb. Nýleg vönduð 125 fm íbúð og staði í bílskúli. fallettar innréttingar og gólfefni, fjögur svefnherbergi, góðar svalir og mikið útsýni. V. 31,0 Skipti á minni eign.</p>	 <p>Jónsgeisli - skipti. Endaraðhús á tveim hæðum. Björt stofa með arni. Fjögur stórir herbergi. Fallett útsýni. Innb. bílskúr. Góð staðsetning með útsýni. Skipti á minni eign eða eignum, janfvel bifreið.</p>	 <p>Rauðamýri - raðhús-makaskipti. Nýtt vandað fullbúið 200 fm hús með innbyggðum 27 fm bílskúr. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Hagstætt verð - 43,0m</p>	 <p>Flétturími - Lítil útborgun. Góð 65 fm íbúð á 3. hæð með vestur svölum. Góðar innréttingar og gólfefni. V. 14,9 m Áhv 12,0 m frá lís. Laus strax</p>	 <p>Berjarími - 2ja herb m bílsk. Rúmgóð 66 fm íbúð á efri hæð. Sérþvottahús innan íbúðar og góð aðstaða í bílskúli. Upptekin loft og mikil lofthæð. Afgirtur garður og góðar svalir. V. 18,7 m.</p>
 <p>Rauðagerði - 2 íbúðir Í einkasölu mjög gott einbýlishús 224 fm með innbyggðum tvöföldum bílskúr og aukaíbúð með sérinngangi. Eign sem hefur marga möguleika.</p>	 <p>Bugðulækur - 5 herb Góð 120 fm sérhæð á góðum stað við Laugardalinn. 4 svefnherbergi, vestur svalir og mikið útsýni. Hús og íbúð mikið endurbætt. Góð eign. V. 28,9 m.</p>	 <p>Sæviðarsund. Fallett endurnýjað 180 fm raðhús með innbyggðum 20 fm bílskúr. Stór hellulög verönd í skjólögðum garði í mikilli rækt. Nýtt eldhús, þrjú svefnherbergi ásamt vinnuherbergi og tvær stofur.</p>	 <p>Gerplustræti - Nýtt fjölbýli með lyftu. Öllu íbúðum fylgir staði í bílskúli. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með flísalögðu baðherbergi, þvottahúsgólf og gólf í anddyri. Allar íbúðir með sérinngangi, suðursvölum og gólfhita. Vandaðar innréttingar og tæki. Glæsilegar útsýnisíbúðir á góðu verði. Makaskipti á minni fasteignum!</p>	 <p>Naustabryggja - 2ja herb. Glæsileg 81 fm íbúð á jarðhæð með 50 fm sólpalli. Vandaðar innréttingar og gólfefni. V. 19,5 m. Áhv 12,5 m.</p>	 <p>Klapparhlíð - 4ra herb. Glæsileg vönduð 115 fm endaíbúð á jarðhæð með timburverönd og sérinngangi.</p>	 <p>Breiðavík - 3ja herb. Góð 90 fm íbúð með sérinngangi og svalir til suðurs. Barnvænt og rólegt hverfi. Mikið útsýni til norðurs og austurs og stutt í barna- og leikskól ásamt skemmtilegum gönguleiðum. Áhv. 21 m lís.</p>



FASTEIGNA- MARKAÐURINN

ÓÐINGSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

EIGNIR ÓSKAST TIL LEIGU

- EINBÝLISHÚS Á EINNI HÆÐ ÓSKAST TIL LEIGU Í VESTURBÆNUM EÐA Á SELTJARNARNESI
- 4RA – 6 HERB. ÍBÚÐ/HÆÐ ÓSKAST TIL LEIGU Í VESTURBÆNUM EÐA Á SELTJARNARNESI



Goðaland.

Fallegt 200,7 fm raðhús að meðtöldum 22,2 fm sérstæðum bílskúr á þessum skjólsæla stað í Fossvogi. Eignin skiptist í forstofu, rúmlegt eldhús með ljósi víðarinnréttingu, stofu með fallegum arni, þrjú rúmgóð herbergi (5 á teikn.), fataherbergi innan hjónaherbergi og flisalagt baðherbergi auk gesta snyrtingar og þvottaherbergis. Geymsluoft yfir hluta hússins. Ræktuð lóð með um 60 fm timburvernd til suðurs. **Verðtilboð.**



Kjarrvegur

Glæsilegt og mikið endurnýjað 405,9 fm einbýlishús á þremur hæðum í Fossvogsdalnum staðsett við opið svæði útsýni yfir Fossvogsdalinn og til sjávar. Húsið er innréttað á mjög vandaðan og smekklegan hátt. Nýlega hefur verið skipt um öll gólfefni á 1. hæðinni, ný innrétting og tæki eru í eldhúsi og baðherbergi á efri hæð er allt endurnýjað. **Suðursvalir út af efri hæð. Mikil timburvernd með skjólveggjum. Verð tilboð.**



Brúnaland- endaraðhús

Fallegt 209,0 fm endaraðhús að meðtöldum 22,2 fm bílskúr á þessum eftirsóttasta stað í Fossvogi. Eignin er innréttað á vandaðan og smekklegan hátt og skiptist m.a. í rúmgóða og bjarta stofu, nýlega innréttað eldhús, hjónaherbergi með fataherbergi innan og 3-4 barnaherbergi og nýlega innréttað baðherbergi auk gesta snyrtingar. Nýtt gler og gluggar að hluta. Ræktuð lóð með timburvernd til suðurs og suðursvalir út af hjónaherbergi. Hiti í stéttum fyrir framan hús. Nánari uppl. á skrifstofu.



Mýrarás.

235 fm einbýlishús á einni hæð vel staðsett á útsýnisstað innst í lokaðri götu. Eignin skiptist í forstofu, sjónvarpshol, gesta wc., stofu með arni og mikilli lofthæð, eldhús, þvottaherbergi innan eldhús, 5 herbergi og baðherbergi. 943 fm ræktuð lóð með timburvernd og skjólveggjum. Hitalagnir í stéttum. Tvöfaldur bílskúr. **Stutt í skóla og þjónustu. ATH. LÆKKAD VERÐ 54,9 millj.**



Dalsbyggð-Garðabæ

Vel staðsett og vel skipulagt u.p.b. 320 fm einbýlishús á tveimur hæðum með aukabúð í hluta neðri hæðar. Eignin skiptist m.a. í rúmgóðar stofur, eldhús, sjónvarpshol, 3-4 herbergi og 2 baðherbergi auk séríbúðar. Útsýni til sjávar úr stofum. Skjólögð verönd. Tvöfaldur bílskúr. **SKIPTI MÖGULEG Á 110-140 FM IBÚÐ. Verð 79,0 millj.**



Reykjavíkurvegur – Hafnarfirði. Nýjar íbúðir -50 ára og eldri.

Vel innréttaðar íbúðir í glæsilegu 5 hæða lyftuhúsi. Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum og í eldhúsi fylgja uppbyggðar og ísskápur. Sér staði er með hverri íbúð í lokaðri bilageymslu. **Afhengin er við kaupsam. Möguleiki er að fá íbúðirnar leigðar.**



17 júní torg-Sjálandi Garðabæ

Aðspurð segir Rebecca að ekki hafi verið erfið að verða sér úti um kvikmyndir til sýningar. „Leikstjórnum finnst mjög skemmtilegt að hugsa til þess að verið sé að sýna myndir þeirra á Íslandi, þannig að ég þarf ekki að greiða neitt fyrir þær. Ég hef samt verið að leita styrkja, meðal annars hjá



SKIPULEGGUR KVIKMYNDAKVÖLD Rebecca Moran heldur kvikmyndakvöld undir yfirskriftinni Kínó Klúbbur. Fyrsta sýning verður á miðvikudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bandaríska sendiráðinu, svo hægt sé að fá einhverja af leikstjórnum hingað til Íslands,“ segir Rebecca. Okie Noodling verður sýnd klukkan 22 á miðvikudaginn, þann 19. ágúst, og er aðgangur ókeypis. - sm

Tilbúinn að stofna fjölskyldu

Quentin Tarantino segist ekki vera tilbúinn að segja skilið við kvikmyndaiðnaðinn alveg strax en langar til að stofna fjölskyldu. Leikstjórinn, sem er 46 ára, er einhleypur eins og stendur, en hann langar að gerast rithöfundur og finna réttu konuna til að eignast börn með.

„Ég hætti þegar ég verð sextugur. Það er góður aldur til að hætta að búa til kvikmyndir. Þá gæti ég farið að skrifa skáldsögur og gerst kvikmyndagagnrýnandi. Þá gæti ég loksins stofnað fjölskyldu,“ segir Tarantino í viðtali við breska dagblaðið Times og viðurkennir að hafa langað í barn fyrir nokkrum árum síðan. „Fyrir svona fimm árum síðan langaði

mig mikið í barn. Í dag langar mig ennþá til að verða faðir en ég vil að vinnan sé í fyrsta sæti að svo stöddu,“ segir leikstjórinn sem hefur verið kenndur við Miru Sorvino, Sofiu Coppola og Kathy Griffin.

Nýjasta mynd hans, Inglorious Basterds, er væntanleg í kvikmyndahúsi í lok ágúst. Brad Pitt fer með aðalhlutverk í myndinni, sem segir frá hópi bandarískra her-

manna af gyðingaættum sem er sérstaklega valinn til að drepa og pynta nasista hvar sem þeir ná til þeirra á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar.



VINNAN Í FYRSTA SÆTI

Quentin Tarantino langar til að verða faðir, en vill einbeita sér að vinnunni þangað til hann verður sextugur.

Feimin og óörugg

Hin 27 ára Beyoncé segist vera bæði feimin og óörugg með líkama sinn þegar hún er ekki uppi á sviði. Beyoncé, sem er gift rapparanum Jay-Z, er heimsfræg og kemur fram fyrir milljónir aðdáenda á hverju ári, en segir að sér lífi illa í stórum hópi fólks þar sem hún átti ekki eðlilegt félagslíf á uppvaxtarárum sínum.

Samkvæmt heimildum breska tímaritsins The Sun segist söngkonan oft fitna um of á röngum stöðum, en æfir stíft til að halda sér í formi. „Eftir áramótin fer ég á stígvél. Það er besta æfingin fyrir rasskinnarnar,“ segir Beyoncé.

BEYONCÉ Henni líður illa í stórum hópi þegar hún er ekki á sviði.



VILL MÖMMUSTRÁK Playboy-kanínan fyrrverandi, Kendra Wilkinson, á von á dreng í desember.

Eignast lítinn dreng

Playboy-kanínan fyrrverandi, Kendra Wilkinson, og eiginmaður hennar, ruðningskappinn Hank Baskett, tilkynntu fyrir stuttu að þau ættu von á sínu fyrsta barni. Á dögnum ritaði Kendra á bloggi sínu að þau ættu von á litlum dreng. „Við Hank eigum von á strák! Dagurinn í dag verður án efa einn eftirminnilegasti dagur lífs míns. Þessi litli drengur verður mömmustrákur, það er öruggt, og myndarlegur verður hann líka, sjáið bara pabba hans. Við bíðum með óþreyju eftir fæðingu hans.“

Vinirnir verja grey Vanessu

Líkt og flestir vita láku nektarmyndir af leikkonunni ungu Vanessu Hudgens á Netið fyrir stuttu. Þetta er í annað sinn sem slíkt gerist og hefur leikkonan sætt mikilli gagnrýni fyrir hegðun sína upp á síðkastið. Nú hafa vinir Vanessu komið henni til varnar. „Hún er mjög indæl stelpa og á ekki skilið að það sé talað illa um hana. Hún reynir að láta þetta ekki á sig fá og ber höfuðið hátt, sem mér finnst gott hjá henni,“ sagði mótleikari hennar, Charlie Saxton.

Náin vinkona Vanessu telur að þetta slæma umtal hafi eitthvað með kærasta leikkonunnar að gera. „Ég held að þetta sé bara af því að fólki finnst gaman að tala illa um aðra... og ef til vill líka vegna þess að hún er kærasta Zacs Efron,“ sagði vinkonan.



JAMIS BICYCLES
ROLLERBLADE

Tími fyrir hjól og línuskauta

30% til 50% afsláttur
af barnahjólum, barnalínuskautum, fjallahjólum og fullorðinslínuskautum.

Hjóla- og línuskautadeildin er í Holtagörðum.
Komdu og sjáðu úrvalið – gerðu kostakaup.

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

ISLENSKA / SVA. IS / UTI 0688 49 07/09

> Íslendingarnir náðu sér ekki á strik

Hvorki Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari né Bergur Ingi Pétursson sleggjukastari náðu sínu besta fram á heimsmeistaramótinu í frjálsíþróttum sem fer fram í Berlín í Þýskalandi. Á laugardaginn keppti Bergur Ingi og kastaði lengst 68,82 metra, tæpum sex metrum styttra en Íslandsmet hans er. Ásdís Hjálmsdóttir kastaði svo í gær spjóttinu 55,86 metra en Íslandsmet hennar er 61,37 metrar sem í gær hefði dugað til að komast í úrslitin. Ekki eru fleiri Íslendingar meðal keppenda á HM í Berlín.

sport
sport@frettabladid.is



SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON: ÁNÆGÐUR MEÐ 5-0 SIGUR Á SERBÍU Á LAUGARDAGINN

Gott að Margrét Lára sé í frábæru formi

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu, segir 5-0 sigur Íslands á Serbíu á laugardaginn gott veganesti í lokakeppni EM í Finnlandi sem hefst í næstu viku. Leikurinn var sá fyrsti í undankeppni HM 2011 og var því um mikilvægan sigur hjá Íslandi að ræða.

„Ég er mjög ánægður með úrslitin og seinni hálfleikinn þegar það var meira flæði í okkar leik. Í fyrri hálfleik vorum við nokkuð ryðgaðar og leyfðum þeim að draga okkur niður á þeirra leikhraða. Þær reyndu að hægja eins mikið á leiknum og þær gátu. Ég var því ekki alveg sáttur í hálfleiknum en sá síðari var mun betri. Það var mjög jákvætt að skora fimm mörk og halda hreinu. Það er gott veganesti í lokakeppni EM,” segir Sigurður Ragnar.

Hann segir ástæðuna fyrir því hvað liðið var seint í gang að það hafi verið langt síðan það hafi verið með slíka yfirburði eins og í leiknum í gær.

„Við höfum spilað sjö leiki á þessu ári þar sem við höfðum lagt höfuðáherslu á varnarleikinn. Nú vorum við að stjórna leiknum og það er langt síðan við spilum þannig leik – það var á móti Írlandi í október sem við gerðum það síðast.”

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði fjögur mörk í leiknum í gær en hafði aðeins skorað eitt mark í hinum landsleikjum ársins.

„Það er gríðarlega jákvætt að hún sé komin í frábært form enda mjög mikilvægur leikmaður í okkar liði. Hún átti frábæran leik í dag.”

Sigurður segir þó erfitt að dæma liðið út frá þessum leik.

„Við munum koma til með að spila allt öðruvísi á EM. Það er ekki hægt að líkja því saman því þar munum við mæta mun sterkari andstæðingum. En það þarf líka að klára lakari andstæðingana og það gæti skipt miklu máli í lokin hver markatalan er. Við stefnum á að vera með betri markatölu en Frakkar þegar undankeppni HM lýkur því það eykur líkurnar á því að vinnum riðilinn.”



ÚRSLIT

Undankeppni HM 2011

Ísland - Serbia 5-0
1-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (32.), 2-0 Margrét Lára (49.), 3-0 Margrét Lára (71.), 4-0 Katrín Jónsdóttir (80.), 5-0 Margrét Lára (84.).

Pepsi-deild karla

Fjölnir - FH 1-4
0-1 Atli Viðar Björnsson (15.), 0-2 Tryggvi Guðmundsson, víti (18.), 1-2 Aron Jóhannsson (51.), 1-3 Björn D. Sveinsson (83.), 1-4 Atli Viðar (90.).
Breiðablik - Fram 3-3

Enska úrvalsdeildin

Chelsea - Hull 2-1
0-1 Hunt (28.), 1-1 Drogba (37.), 2-1 Drogba (90.).
Bolton - Sunderland 0-1
0-1 Darren Bent (5.). Grétar Rafn Steinsson var ekki í leikmannahópi Bolton.
Aston Villa - Wigan 0-2
0-1 Rodallega (31.), 0-2 Koumas (56.).
Stoke - Burnley 2-0
1-0 Shawcross (19.), 2-0 Jordan, sjálfsm. (33.).
Portsmouth - Fulham 0-1
0-1 Bobby Zamora (13.).
Blackburn - Manchester City 0-2
0-1 Adebayor (3.), 0-2 Ireland (90.).
Wolves - West Ham 0-2
0-1 Noble (22.), 0-2 Upson (69.).
Everton - Arsenal 1-6
0-1 Denilson (26.), 0-2 Vermaelen (37.), 0-3 Gallas (41.), 0-4 Fabregas (48.), 0-5 Fabregas (70.), 0-6 Eduardo (89.), 1-6 Saha (90.).
Manchester United - Birmingham 1-0
1-0 Wayne Rooney (34.).
Tottenham - Liverpool 2-1
1-0 Assou-Ekotto (44.), 1-1 Gerrard, víti (56.), 2-1 Bassong (59.).

Norska úrvalsdeildin

Sandefjord - Lyn 2-1
Kjartan Henry Finnbogason kom inn á sem varamaður í leiknum og skoraði sigurmark Sandefj. **Start - Fredrikstad** 1-0
Garðar Jóhannsson var í byrjunarliði Fredrikstad en var tekinn af velli í síðari hálfleik.
Álasund - Odd Grenland 1-2
Árni Gautur Arason lék allan leikinn fyrir Odd Gr. **Brann - Strömsgodset** 4-2
Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason, Gylfi Einarsson og Birkir Már Sævarsson voru í byrjunarliði Brann. Kristján og Gylfi voru teknir af velli í síðari hálfleik. Ármann Smári Björnsson var á bekknum og kom ekki við sögu.
Vålerenga - Lillestrøm 0-1
Stefán Logi Magnússon lék allan leikinn í liði Lillestrøm og þótti eiga stórleik.

Stolið stig hjá Frömurum

Breiðablik og Fram skildu jöfn í sex marka leik, 3-3, í Pepsi-deild karla í gær. Blikar komust 3-0 yfir með þrennu Guðmundar Kristjánssonar en Framarar jöfnuðu metin í uppbótartíma leiksins þegar allt ætlaði að sjóða upp úr.

FÓTBOLTI

Framarar sýndu mikinn karakter þegar þeir stálu stigi gegn Breiðabliki í gærkvöld þegar liðin gerðu 3-3 jafntefli á Kópavogsvelli.

Breiðablik fékk óskabyrjun á 6. mínútu þegar Guðmundur Kristjánsson skoraði með skalla. Guðmundur bætti tveimur mörkum við fyrir leikhlé og virtist sem dagskrá kvöldsins væri lokið.

Svo var ekki því Breiðablik féll í þá gryfju í síðari hálfleik að verja forskotið í stað þess að halda áfram að sækja.

Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, gerði tvöfalda skiptingu í hálfleik sem hressti upp á leik liðsins þó að liðið hafi ekki sýnt sinn besta leik í hálfleiknum. Þess þurfti ekki því liðið náði að skora þrjú mörk í og ná þar með jafntefli með frábærum endaspretti.

Minnisstaðustu atvik leiksins, fyrir utan mörkin, snérist að umdeildum dómara leiksins. „Auðvitað var ekki réttur litur á því. Ég sá ekki betur en að hann hafi tekið Arnar hálstaki og það er með ólíkindum að hann hafi fengið að vera inni á vellinum eftir það,” sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, um það atvik í leiknum þegar Auðun Helgason, miðvörður Fram, veittist að Arnari Grétarssyni, leikmanni Breiðabliks, og fékk gult spjald að launum.

Blikar misstu niður gott forskot í leiknum og að sjálfsgöðu var Ólafur ósáttur við það. „Það gerist eitthvað í undirmeðvitundinni að menn gerðu ekki það sem þeir ætluðu að gera. Við vorum með góða stöðu og áttum að láta kné fylgja kviði í seinni hálfleik. Það var deyfð í leiknum og mér fannst dapurt að við skyldum ekki nýta okkur það,” sagði Ólafur að lokum



HEITT Í KOLUNUM Guðmann Þórisson og Heiðar Geir Júlíusson skiptast á vel völdum orðum í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

sem vildi ekki tjá sig um það þegar allt sauð upp úr eftir leik frekar en kollegi hans hjá Fram.

„Menn voru greinilega ekki tilbúnir í byrjun leiks. Við fengum léleg mörk á okkur í fyrri hálfleik. Við vorum þungir og hálf lemstráðir en leikurinn er 90 mínútur og við komum sterkir til baka,” sagði Þorvaldur Örlygsson í leikslök.

„Við fórum út í seinni hálfleikinn með það að spila með stoltinu. Leika boltanum, finna næsta mann og sjá hvort við næðum að skapa okkur færi.”

„Við spilum við lið á útivelli sem hefur verið að spila vel og

unnið tvo góða sigra. Leikurinn spilast þannig að þeir eiga góðan fyrri hálfleik og við góðan seinni hálfleik. Þú átt þína góða daga og slæma. Við komum hér í fyrra og vorum arfaslakir í 90 mínútur. Núna spilum við 45 mínútur slakar og það er vonandi að við getum komið herna næst og spilað 90 góðar mínútur,” sagði léttur Þorvaldur að lokum.

Eftir leikinn mátti sjá að Guðmann Þórisson og Þorvaldur, þjálfari Fram, hnakkristust. Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, leyfði leikmönnum ekki að ræða við fjölmiðla eftir leikinn. -gmi

Eiður Smári Guðjohnsen: Í viðræðum við West Ham

FÓTBOLTI Gianfranco Zola, knattspyrnustjóri West Ham, greindi frá því um helgina að Eiður Smári Guðjohnsen hefði átt í viðræðum við West Ham undanfarnar vikur. Frá þessu var greint í enskum fjölmiðlum um helgina. Zola sagði erfitt að lokka Eið frá Barcelona. „Þó svo að hann spili ekki reglulega er hann hjá Barcelona sem spilar í Meistaradeildinni. West Ham er minna félag og skil ég hans áhyggjur vel,” sagði Zola.

Eiður Smári var á bekknum hjá Barcelona sem vann 2-1 sigur á Athletic Bilbao í fyrri leik liðanna um spænska ofurbikarinn í gær. -esá



Deep Heat við eymslum, gigtarverkjum og vöðvabólgu.

Tímabilið í ensku úrvalsdeildinni hófst um helgina með heilli umferð:

Stórsigur Arsenal og tap Liverpool

FÓTBOLTI Nýtt keppnistímabil hófst um helgina í ensku úrvalsdeildinni er heil umferð fór fram. Átta leikir fóru fram á laugardaginn þar sem hæst bar ótrúlegur 6-1 sigur Arsenal á Everton á útivelli. Chelsea, Manchester United og Manchester City unnu einnig sína leiki en margir reikna með því að þessi lið munu berjast um titilinn í vetur.

Liverpool er einnig eitt þeirra en liðið tapaði í gær fyrir Tottenham á útivelli, 2-1. Liðið tapaði aðeins tveimur leikjum allt síðasta tímabil en annað tapið var reyndar einnig á White Hart Lane.

Rafael Benítez, stjóri Liverpool, var óhress með úrslit leiksins. „Við spilum ekki vel í fyrri hálfleik og lentum í vandræðum með miðverðina okkar,” sagði hann en þeir Jamie Carragher og Martin Skrtel skulu saman í fyrri hálfleik. Carragher fékk stóran skurð

og Skrtel fór af velli í síðari hálfleik.

„Við sköpuðum þó hættu í síðari hálfleik en við lögðum meira á okkur þá. Við þurfum þó að bæta okkur og reyna að spila betur í næsta leik.”

„Við vorum miklu betra liðið í fyrri hálfleik og hefðum átt að gera út um leikinn þá,” sagði Harry Redknapp, stjóri Tottenham.

„Liverpool reyndi að berjast fyrir sínu undir lokin en mér fannst við heilt yfir betri.”

Wayne Rooney skoraði eina mark United í 1-0 sigri á

Birmingham á heimavelli í gær. „Þetta var dæmigerður leikur í upphafi tímabils gegn liði eins og Birmingham. Leikmönnum liðsins finnst eins og þeir þurfi að sanna eitthvað enda nýkomnir upp í deildina. Þeir voru því afar einbeittir í dag og voru með alla sína menn fyrir aftan boltann,” sagði Alex Ferguson, stjóri United, eftir leikinn. -esá

FABREGAS Átti stórleik með Arsenal gegn Everton og skoraði tvö mörk. NORDIC PHOTOS/CETVY

26 REYKJAVÍKUR
ÁRA MARAÞON
ÍSLANDBANKA
22. ÁGÚST 2009



Rétti tíminn til að skrá sig er... **NÚNA!**

Forskráningu á netinu lýkur á miðnætti miðvikudaginn 19. ágúst.
Eftir það hækkar þátttökugjaldið.

Vegalengdir við allra hæfi
42,2 km - 21,1 km - 10 km - 3 km - Latabæjarhlaup

Kynntu þér málið nánar á *marathon.is*



- Ný hlaupaleið í skemmtiskokki
- Allir geta hlaupið til styrktar góðu málefni
- Latabæjarhlaupið á nýjum stað
- Fimm hraðastjórar í 10 km hlaupinu



> Olivia Newton-John

„Ég er hamingjusöm og það heldur mér unglegrí.“

Olivia Newton-John fer með hlutverk Sandy í söng- og dansmyndinni *Grease* sem *Stöð 2* sýnir í kvöld kl. 20.00.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ VÍDIR SMÁRI PETERSEN VILL AÐ RÚV BRYDDI UPP Á NÝJUNGUM

Ef íslenskt sjónvarp væri döbbað ...

Eitt af því skemmtilegasta við að fara til landa í Mið-Evrópu er að horfa á sjónvarpið og sjá hina ýmsu þætti döbbaða, þ.e. þegar erlendir þættir eru lesnir yfir á móðurmálinu. Í löndunum hafa frægir leikarar, á borð við Al Pacino og Brad Pitt, sína eigin yfirlisara. Þannig þekkjá Frakkar miklu frekar röddina til dæmis á Gerard Chevalier heldur en þeim leikara sem hann talar fyrir.

RÚV gæti tekið upp á því að gera þetta, fyrst að í lögum á þessi grotna ríkisstofnun án tilvistarréttar að leggja rækt við íslenska tungu. Þannig væri hægt að taka upp á því að yfirlisa ýmsa þekktu erlenda þætti sem eru á dagskrá Sjónvarpsins. Lost-þættirnir eru til dæmis það yfirgengilega leiðinlegir að eingöngu yrði til bóta að yfirlisa þann þátt. Einnig gæti verið gaman að heyra íslenskar leikkonur reyna fyrir sér við yfirlisur á



Aðþrengdum eiginkonum. Brynhildur Guðjónsdóttir gæti kannski talað fyrir Gabrielu Solís.

Skemmtilegir yfirlisara væru til dæmis Eggert Þorleifsson, sem sýndi einstaka talsetningarhæfileika þegar hann talsetti allar Tinnapersónurnar. Eggert gæti talað fyrir helstu grínleikara Hollywood eins og Will Ferrell og Owen Wilson. Arnar Jónsson gæti fengið útrás fyrir dramatískan leik sinn með því að talsetja fyrir Robert De Niro og Marlon Brando. Felix Bergsson gæti svo séð um rómántísku, myndarlegu mennina eins og Matthew McConaughey.

Reyndar er það til marks um skemmtanagildi RÚV að stöðin sýni aldrei myndir með þessum leikurum. Miklu frekar væri að reyna að fá konur til að tala fyrir fimmtugar danskar ekkjur á átjándu öld og dætur hennar sem allar eru á giftingaraldri.

MÁNUDAGUR



▶ 19.00 KR - Fylkir, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ 19.45 Two and a Half Men STÖÐ 2



▶ 20.00 What I Like About You SKJÁREINN



▶ 21.15 Glæpahneigð SJÓNVARPIÐ



▶ 21.40 Back To You STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.30 Hanna Montana (47:56)
- 17.53 Sammi (38:52)
- 18.00 Millý og Mollý (23:26)
- 18.13 Halli og risaæðlufatan (23:26)
- 18.25 Út og suður (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Breska konungsfjölskyldan (Monarchy - The Royal Family at Work) (4:6) Heimildamyndaflokkur um bresku konungsfjölskylduna.
- 21.00 Sólkerfið (Space Files) (8:13) Stuttir fræðsluþættir um sólkerfið.
- ▶ 21.15 Glæpahneigð (Criminal Minds) (48:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýnir í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Aðalhlutverk: Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn
- 23.05 HM í frjálsum íþróttum Samantekt frá keppni dagsins á HM í frjálsum íþróttum sem fram fer í Berlín.
- 00.00 Fé og freistingar (13:23) (e)
- 00.45 Kastljós (e)
- 01.20 Dagskrárlök

BÍÓ

- 06.30 Aquamarine
- 08.10 Fool's Gold
- 10.00 Beethoven: Story of a Dog
- 12.00 French Kiss
- 14.00 Aquamarine
- 16.00 Fool's Gold
- 18.00 Beethoven: Story of a Dog
- 20.00 Grease Hér segir af töffaranum Danny Zuko og kynnum hans af hinni fögru og saklausu Sandy Dee. Geta villingurinn og feimna stúlkan náð saman?
- 22.00 Inside Man
- 00.05 Little Miss Sunshine
- 02.00 Palindromes
- 04.00 Inside Man
- 06.05 King's Ransom

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (19:25)
- 10.00 Doctors (20:25)
- 10.30 Eldsnöggt með Jóa Fel (6:10)
- 11.05 60 mínútur
- 11.50 Wildfire (3:13)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Hollyoaks (256:260)
- 13.25 RV
- 15.10 ET Weekend
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2 Njónsnareskólinn og Galdrastelpumar.
- 16.43 Bold and the Beautiful
- 17.08 Ævintýri Juniper Lee
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 Friends (14:24) Joey tekur ákvörðun sem breytir lífi allra vinanna. Chandler verður heltekinn af því hvað er í leyniskápnunum hennar Monica.
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Simpsons
- ▶ 19.45 Two and a Half Men (2:24) Fjórða sería þátta um bræður Charlie og Alan. Charlie hefur ekkert viljað tjá sig um af hverju hann aflysti brúðkaupi sínu en Alan fær hann loksins til að segja alla söguna.
- 20.10 So You Think You Can Dance (18:23) Staersta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð.
- 21.35 So You Think You Can Dance
- 22.25 The Best Years (7:13) Samantha Best hefur síðustu ár þurft að flytjast oft á milli fósturheimila. Nú er hún að hefja skólagöngu í virtum háskóla. Þar þarf hún að læra að takast á við háskólalífið, ástina og það sem aðrir myndu kalla eðlilegt líf.
- 23.10 Secrets of Angels, Demons and Masons
- 00.50 Bones (23:26)
- 01.35 Infernal Affairs 3
- 03.30 RV
- 05.05 The Simpsons
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 07.00 Athletic Bilbao - Barcelona Útsending frá leik í Supercopa.
- 14.30 PGA Championship 2009 Útsending frá lokadeginum á PGA Championship mótinu í golfi.
- ▶ 19.00 KR - Fylkir Bein útsending frá leik í Pepsi-deild karla.
- 21.15 10 Bestu: Pétur Pétursson Fyrsti þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
- 22.00 Pepsimörkin 2009 Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttaréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
- 23.00 KR - Fylkir Útsending frá leik í Pepsi-deild karla.
- 00.50 Pepsimörkin 2009

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Tottenham - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.05 Wolves - West Ham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 17.45 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
- 18.45 Man. Utd - Birmingham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 20.30 PL Classic Matches Tottenham - Man. Utd., 2001. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 21.00 Premier League Review
- 22.00 Coca Cola mörkin 2009/2010 Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrífín á einum stað.
- 22.30 Everton - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 17.30 Monitor (1:8) (e)
- 18.00 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 18.45 America's Funniest Home Videos (13:48) (e)
- 19.10 Robin Hood (9:13) (e)
- ▶ 20.00 What I Like About You (14:24) Bandarísk gamanseria um tvær ólíkar systur í New York. Aðalhlutverkin leika Amanda Bynes og Jennie Garth.
- 20.30 Matarklúbburinn (8:8) Nýr íslenskur matreiðsluþáttur þar sem landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti.
- 21.00 Bachelorette (6:12) DeAnna fer með strákana sex sem eftir eru til Palm Springs. Þar detta tveir þeirra í lukkupottinn og fá að fara einir á stefnumót með henni en hinir þurfa að sætta sig við að fara fjórir saman að reyna að heilla hana.
- 21.50 Home James (7:10) Þegar fólk er búið að fá sér í glas og er ekki í ástandi til að keyra heim, getur það hringt í Home James sem sendir einkabílstjóra á staðinn á lítilli vespu.
- 22.20 Murder (7:10) Bandarísk raunveruleikaseria þar sem venjulegt fólk glimur við raunverulegar morðgátur.
- 23.10 Penn & Teller: Bullshit (41:59) Penn & Teller leita sannleikans en takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lyga-laupa með öllum tiltækum ráðum.
- 23.40 The Dead Zone (9:13) (e)
- 00.30 CSI. Miami (18:21) (e)
- 01.10 Pepsi MAX tónlist

INN

- 20.00 Eldum íslenskt
- 20.30 Frumkvöðlar Í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.
- 21.00 7 leiðir með Gaua litla Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Víðar Garðarsson hafa umsjón með þættinum.
- 21.30 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ALLAR FASTEIGNIR SEM ERU TIL SÖLU Á ÍSLANDI!

DRAUMAEIGNINA ÞÍNA FINNUR ÞÚ Á VÍSIR.IS

YFIR 16.000 EIGNIR Á SKRÁ

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 20.10

So You Think You Can Dance

Stærsta danskeppni í heimi heldur áfram. Allt byrjaði þetta á prufunum sem fóru fram í fjórum borgum. Átta keppendur standa eftir í úrslitakeppninni, en tveir dansarar til viðbótar þurfa í kvöld að gefa drauminn um að verða næsta dansstjarna Bandaríkjanna upp á bátinn. Ótrúleg tilbrif, dramatísk dansatriði, magnaðir dansarar og kolruglaðir dómara í kvöld í So You Think You Can Dance.

▶ VIÐ MÆLUM MED
Matarklúbburinn

SkjáEinn kl. 20.30

Hrefna Rósa verður með partíþema í lokarætti Matarklúbbsins. Hún sýnir okkur hvernig á að elda ljúffengar partíþema, smálúðu í kókmarineringu, lambalundir með vatnsmelónu og mínimúffur. Matarklúbburinn mun snúa aftur á SkjáEinn síðar í vetur.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunfrúin	15.03 Útvarpssagan: Ljósíð í vatninu
06.40 Veðurfregin	15.25 Fólk og fræði
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.03 Morgunfrúin	16.10 Veðurfregin
08.00 Morgunfréttir	16.13 Hlaupanótan
08.11 Morgunstund með KK	17.03 Víðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.16 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.03 Veðurfregin	20.00 Leynifélagið
10.13 Stefnumót	20.30 Kvika
11.03 Samfélagið í nærmynd	21.10 Framtíð lýðræðis
12.02 Hádegisútvarp	22.12 Orð kvöldsins
12.20 Hádegisfréttir	22.15 Kvöldsagan: Syndin er lævis og lipur
12.45 Veðurfregin	22.45 Bláar nótur í bland
13.00 Vitt og breitt	23.20 Lostafulli lístræninginn
14.03 Jacqueline du Pré	00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.45 Hollyoaks (255:260)

17.15 Hollyoaks (256:260)

17.40 E.R. (3:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

18.25 Seinfeld (16:22) Jerry Seinfeld er uppstandari sem á í stökustu vandræðum með edlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

18.45 Hollyoaks (255:260)

19.15 Hollyoaks (256:260)

19.40 E.R. (3:22)

20.25 Seinfeld (16:22)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

▶21.40 Back To You (2:17) Kelsey Grammer leikur vinsælan og sjálfumglaðan fréttalesara sem ræður sig aftur á gömlu stöðina, þar sem ennþá starfar sem fréttalesari gamla kærastan og barnsmóðir hans.

22.05 Monk (8:16) Adrien Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við rannsókn undarlegra sakamála sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

22.50 Numbers (5:23) Tveir ólíkir bræður sameina kräfte sína við rannsókn flókinnu sakamála. Sá eldri, Don, er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie, er stærðfræðiseni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsóknna.

23.35 Lie to Me (9:13)

00.20 The 4400 (2:13)

01.05 Sjáðu

01.30 Fréttir Stöðvar 2

02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.00 Only Fools and Horses 10.30 Absolutely Fabulous 11.00 Only Fools and Horses 11.30 Absolutely Fabulous 12.00 My Hero 12.30 My Hero 13.00 Only Fools and Horses 13.30 Only Fools and Horses 14.00 The Weakest Link 14.45 My Hero 15.15 My Hero 15.45 Only Fools and Horses 16.15 Only Fools and Horses 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 My Hero 18.30 Extras 19.00 Coupling 19.30 Blackadder II 20.00 Torchwood 20.50 Coupling 21.20 Blackadder II 21.50 EastEnders 22.20 The Weakest Link 23.05 Torchwood 23.55 Coupling

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Historien om Norges polarområder 11.05 OBS 11.10 Grænser for eksport 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Skråplan 14.30 Naruto 14.55 Den lyserøde panter 15.00 Troldspejlet 15.15 Robotboy 15.30 Pippi Langstrømpe 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Gor det selv 18.00 Verdens værste naturkatastrofer 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 Horisont Special. Madoff og milliarderne 20.20 Bag tremmer 21.10 Eureka 21.55 OBS 22.00 Seinfeld

NK1

10.00 Dansefot jukeboks 11.00 Om et hjerte 12.00 Norge rundt 12.25 Nicholas Nickleby 14.35 Et apelv 15.05 Bajau - dykkerfolket 15.35 Tid for tegn 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Små Einsteins 16.25 Vennene på Solflekken 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 VM friidrett 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.25 VM friidrett 19.45 Veigl 09 21.00 Kveldsnytt 21.15 Derrick 22.15 Kjærlighetens sommer 23.10 Du skal hore mye ... mer 23.25 Sport Jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Sportspegeln 10.35 Solens mat 11.05 Norsk attraktion 12.25 Nils Holgerssons underbara resa 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Flyttasset går 15.25 Så såg vi Sverige då 15.45 Friidrott 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Friidrott 17.30 Rapport 17.50 Regionala nyheter 18.00 Friidrott 19.30 Upp till kamp 21.00 På kabaret med Patricia Kaas 21.55 Puls på Sverige 22.55 Sändningar från SVT24

Gott í MATINN
— FYRIR ALLA SEM ELDA —

PIZZA ÖSTUR
GRATIN ÖSTUR
MEXIKÓ ÖSTUR
GRÍSK JÓGÚRT
SÝRÐUR LETTUR
SÝRÐUR RJÓMI
HREIN JÓGÚRT
RJÓMI

UNDIRSTAÐAN
Í MATARGERÐ ÞJÓÐARINNAR

TÍMARITIÐ GOTT Í MATINN

Ekki láta tímaritið *Gott í matinn*, sem dreift er á öll heimili, fram hjá þér fara. Tímaritið er sneisafullt af girnilegum og gómsætum réttum sem allir geta eldað.

Ég elda, þess vegna er ég



NÝR VEFUR

Finndu uppskriftir að gómsætum réttum með *Gott í matinn* vörum á www.ms.is/gottimatinn.

www.ms.is/gottimatinn

HVAD SEGIR MAMMA?



„Það eru til dásamleg viðtöl sem hún tók upp á vídeóvél afa síns þegar hún var þínulítill og mér finnst skemmtilegt að hún hafi gert eitthvað við þetta. Ég var viss um að ég yrði ánægð með myndina og finnst hún eiga sterkt og feminískt erindi við þjóðina í dag.“

Guðrún Jónsdóttir, móðir Þóru Tómasdóttur kvikmyndagerðarkonu, sem frumsýndi Stelpurnar okkar í síðustu viku.

Söguþráðurinn dreginn úr hatti

„Þetta var það fyrsta sem okkur datt í hug,“ segir Hilmar Haraldsson um þættina Sigmar og félagar. „Þetta eru teiknimyndarþættir á Netinu sem ég byrjaði að gera fyrir svona, fjórum fimm, árum. Mig hefur alltaf langað til að gera svona þætti, eins og Simpsons eða eitthvað.“ Hann segir Sigmar þó líkari Peter úr Family Guy en Homer. „Sigmar var bara eitthvað „random“ nafn. Hann hagar sér eins og einhver þrjáldingur. Hann er móðursjúkur.“

Handritsgerðin minnir óneitanlega á útskýringu South Park á því hvernig Family Guy verður til, en þar sjá skjaldbökur um að velja hluti í þættina. Þá er húmorinn súr-realískur. „Við skrifuðum hugmyndir á blað, setjum í hatt og drögum út nokkra miða. Úr því verður söguþráðurinn. Við erum enn þá með fullt af hugmyndum í hattinum.“ Þættirnir eru svo gerðir í Flash.

„Það vantar íslenskar teiknimyndir. Við höfum talað við allar sjónvarpsstöðvarnar, en það hefur enginn áhuga á að sýna þetta. Einn sagði að þetta væri ekki nógu fagmannlega gert. En maður verður að byrja einhvers staðar.“

Ásamt Hilmar sjá Árne Guðjónsson tónsmíðanemi og Guðjón Henning um þátta-gerðina. Nýr þáttur er í vinnslu, en fjórir eru nú þegar á Netinu. „Við vorum að hugsa um að gera DVD-disk og gefa hann út um jólin, það er allavega markmiðið.“ Þá er Hilmar að fara í nám í Margmiðlunar-skólanum.

„Þetta er aðallega vinsælt hjá ungu fólki. Þabbi minn horfir samt á þetta. Honum finnst þetta mjög fyndið, en mömmu finnst þetta allt í lagi, þetta er kannski aðeins of gróft fyrir hana,“ segir Hilmar. Þættina er að finna á Youtube.



LEGGUR ÞETTA FYRIR SIG Hilmar gerir teiknaða grínþætti fyrir Netið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. fituskán, 6. í röð, 8. síða, 9. hljóma, 11. hvort, 12. mæling, 14. gáleysi, 16. skammstöfun, 17. eyrir, 18. kk nafn, 20. holskrúfa, 21. hróp.

LÓÐRÉTT

1. botnfall, 3. guð, 4. ýtinn, 5. kóf, 7. örvera, 10. óhreinka, 13. líða vel, 15. armynni, 16. ris, 19. 49.

LAUSN

15. áróf, 16. þak, 19. il.
5. kaf, 7. smávera, 10. áta, 13. una,
LÓÐRÉTT: 1. gróm, 3. ra, 4. ágenur,
17. aur, 18. an, 20. ró, 21. kall.
LÁRÉTT: 2. brák, 6. rs, 8. aga, 9. óma,
11. ef, 12. máttun, 14. vanæg, 16. þe,

VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Friðrik Þór Friðriksson og Lars Von Trier.
- 2 Til Afríku.
- 3 5-0 fyrir Ísland.

Takk!
907 2002
Hjálparstarf Kirkjunnar
www.help.is

BENEDIKT KARL GRÖNDAL: UNDIRBYR EINLEIK EFTIR TRÚÐANÁM

Tækni trúðsins nýtist vel

„Þetta var ótrúlega gaman en náttúrulega strembið nám,“ segir Benedikt Karl Gröndal um The Commedia School í Danmörku. Þar lagði hann stund á leiklist að hætti Jacques Lecoq í tvö ár. „Kennarnir í skólanum eru gamlir nemendur hans. Þetta er mjög líkamlegt leiklistarnám. Við fórum í gegnum mismunandi leikhússtíla, trúðaleik, melódráma, buffoun, commedia dell'arte, tveggja mánaða grímuvinnu, kabarett. Í gegnum þessa stíla kynntumst við aðferðum leikhússins. Að vísu má segja að þetta séu allt útdauð leikhúsför, eins og melódráma, það sýnir það enginn lengur, en maður fær rosalega mikið út úr því.“ Hann segir grímuleikinn heilla hvað mest þessara listforma.

„Upphaflega var ég að leita að trúðanámi. Þegar ég lít til baka þá var það kannski ekki trúðleikurinn sem heillaði mig mest, en það er margt í tækni trúðsins sem kemur manni vel.“ Hann segir þó þann hluta námsins erfiðastan. „Á fyrstu æfingunni sagði skólástjórnin okkur að fara upp á svið og bara „vertu fyndinn“. Þegar maður er svona algjörlega opinn er svo auðvelt að negla mann niður. Maður fær endalaust frá kennurunum nei, þú ert ekki fyndinn, þú ert ömurlegur. Svo allt í einu virkar eitthvað og maður er ógeðslega fyndinn.“ Á sama tíma bjó Benedikt í búningagæmslu skólans, sem hjálpaði ekki að hans mati.

En nú er hann kominn heim. Hvað tekur við? „Eftir skólann gekk ég í leikhóp sem einn kennarinn minn safnaði saman. Við gerðum sýningu og sýndum úti í Danmörku og erum kannski að fara með hana til Brasilíu, ef allt gengur eftir. Svo er ég að vinna að sólosýningu fyrir GRAL. Sú sýning er alveg á byrjunarstigi, maður er bara nýfluttur heim. En það er á borðinu og undir mér komið að kýla því í framkvæmd.“

kbs@frettabladid.is



GRÍMUKLÆDDUR Benedikt er hrifnastur af grímuleik og Commedia dell'Arte.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

FRÉTTIR AF FÓLKI

Langt er liðið á laxveiðitímabilið og enn hefur ekki frést af þekktum útleningi hér við veiðar. Fréttablaðinu er bæði ljúft og skylt að bæta úr því. Stórpopparinn **Eric Clapton** sat að snæðingi fyrir utan Café Paris við Austurvöll á laugar- dag og er að öllum líkindum bókaður í Laxá á Ásum eins og svo oft áður. Sjaldgæfara er að Clapton láti mikið sjá sig í höfuðborginni en það kann að hafa breyst eftir að hann kom hingað til tónleikahalds fyrir ári.



Það var fríður hópur poppara sem lék saman golf á Hvaleyrarvelli á fimmtudag. Þar voru **Sigurjón Brink**, Gunní Óla í Skítamóral, **Hreimur Heimisson** í Landi og sonum, Matti í



Pöpunum og Friðrik Sturluson úr Sálinni. Með í för voru svo útvarpsmennirnir Bragi Guðmunds á Bylgjunni og Svali á FM957. Hópurinn vakti að vonum talsverða athygli annarra golfara, ekki síst fyrir þá sök að sumir voru á golfbilum en aðrir ekki og göntuðust viðstaddir með að á því mætti meta stöðu þeirra í poppheimum. - hdm



Prumpueyjan til þingmanna

„Þetta er bók um litla eyju lengst úti í heimi sem fyrir mörgum árum var skógi vaxin milli fjalls og fjöru,“ segir Jón Gunnar Bergs rekstrarhagfræðingur um Litlu prumpueyju, barnabók sem hann sendi á alla þingmenn.

„Svo gerist það að eyjaskeggjar ganga töluvert nærri auðlindum eyjunnar, eiga orðið mjög gott líf en eru dálítið skuldugir undir stjórn Guðbjarnar kóngs. Síðan dettur eyjarráðinu það snjallræði í hug að selja prumpubankann til athafnamannanna Gríspers, Björspers og Bakkatans. Í fyrstu batnar lífið enn á eyjunni en síðan hrannast upp óveðurský og bankinn fer á hausinn. Þá kemur til sögunnar Fjölur litli sem er tíu ára og með aðstoð Gáttaþefs sannfærir hann söguhetjuna Bjart að standa í lappirnar og samþykkja ekki allt sem Svartur segir, en Svartur hefur nýverið tekið við forystu eyjarráðsins af Guðbirni kóngi.“

„Ég sendi þetta á alla þingmenn í von um að þeir reyndust þegar upp er staðið vera fyrirmynd aðal söguhetjunnar, það er Bjartur. Ég er búinn að fá svör frá mörgum þeirra sem eru mjög uppörvandi og margir eru greinilega búnir að lesa hana því þeir vitna í hana.“ Í bókinni verða lítil fyrirtæki til þess að vænka hag þjóðarinnar þegar kreppir að.

Jón Gunnar hefur unnið sem rekstrarráðgjafi hjá



TEILEINKUÐ SONUNUM Bók Jóns Gunnars er tileinkuð sonum hans, Gunnari, Tómasi og Árna, en Árna vantar á myndina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

McKinsey & Co. og fleiri stórfyrirtækjum í Bandaríkjunum sem og aðilum herna heima. „Ég vildi leggja mitt af mörkum til þess að vernda framtíð Íslands og hvetja ráðamenn til að standa í fæturna og muna hverju við höfum þurft að berjast fyrir í gegnum aldirnar.“ Sögunni er hægt að hlaða frítt niður á www.litla-prumpueyjan.blog.is.

- kbs



Mat á umhverfisáhrifum rannsóknaborana í Gjástykki - frummatsskýrsla

Kynningarfundur að Breiðumýri í Reykjadal í Þingeyjarsveit

Opið hús verður haldið þriðjudaginn 18. ágúst nk. frá kl. 16:00 til 22:00.

Kynnt verður mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra rannsóknaborana í Gjástykki.

Sérfræðingar frá Landsvirkjun og verkfræðistofunni Mannviti verða á staðnum til að svara fyrirspurnum.

Landsvirkjun



HotYoga

í Sporthúsinu haustið '09

Komdu og prófaðu fyrsta og eina sérhannaða Hot Yoga sal landsins.

Hot Yoga salurinn er útbúinn sérstöku hitakerfi sem nær hitanum upp í 37- 40°C. Með þessu móti komast iðkendur auðveldar og dýpra ofan í yoga stöðurnar.

Hot Yoga námskeið hefst í Sporthúsinu mánudaginn 31. ágúst.

Dagana 18. – 28. ágúst býður Sporthúsið öllum áhugasömum frítt í Hot Yoga!

Það eina sem þú þarft að gera er að mæta á staðinn og prófa. Fyrstir koma fyrstir fá!

Opnir tímar verða sem hér segir:

18. ágúst	kl: 18.30
19. ágúst	kl: 17.30
20. ágúst	kl: 18.30
21. ágúst	kl: 17.30
22. ágúst	kl: 11:00
24. ágúst	kl: 17:30
25. ágúst	kl: 18:30
26. ágúst	kl: 17:30
27. ágúst	kl: 18:30
28. ágúst	kl: 17:30

Ath að hver tími er 90 mínútur og hámarks fjöldi í tíma er 60 manns.


Jóhanna Karlsdóttir er eini Íslendingurinn með kennsluréttindi í Hot Yoga.



SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050



BAKÞANKAR
Davíðs Þórs
Jónssonar

Raunveruleika- lýðræði

Það er gott og gaman að horfa á sjónvarp. Sjónvarpið er orðið svo stór hluti af tilveru okkar að satt best að segja er erfitt að ímynda sér tilveruna án þess. Það er eins og gluggi á hverju heimili út í umheiminn. Það veitir okkur ómælda skemmtun, upplýsingar, fróðleik og afþreyingu. Vegna sjónvarpsins getum við verið vitni að heimssögulegum atburðum, hvar sem er í heiminum, um leið og þeir eiga sér stað. En það sama gildir um sjónvarpið og flest annað sem er gott og gaman. Það er hægt að týna sjálfum sér í því. Fólk getur ánetjast sjónvarpsglápi og misst af lífi sínu við að horfa á líf annarra.

ÞESS vegna á sjónvarpsstöðin Skjár einn sérstakar þakkir skilið fyrir framlag sitt til baráttunnar gegn sjónvarpsfíkn. Það er í því fylgið að bjóða upp á sjónvarpsfíkn sem engin manneskja með meðalgreind eða meira getur mögulega límst við. Mikill meirihluti þáttanna sem þar eru sýndir er í raun einn og sami heimskulegi þátturinn í mismunandi umgjörð. Allt af endar hann á því að einhver er sendur heim – af því að hann grenntist ekki nóg, var ekki nógu duglegur að bjarga sér í óbyggðum eða var ekki nógu efnilegur söngvari, dansari, kokkur, innanhússhönnuður, tiskudrós, vonbiðill, fyrirsæta og þar fram eftir götunum. Þetta er hið svokallaða raunveruleikasjónvarp.

EN í raun er ekkert svo slæmt að ekki sé hægt að læra af því. Nú sitjum við til dæmis í súpunni eftir að hafa, með lýðræðislegum hætti, valið yfir okkur glæpsamlega vanhæfa stjórnálamenn. Ekkert bendir til þess að þeir ætli að læra af reynslunni. Þeim, sem mesta ábyrgð bera á ógæfu þjóðarinnar, virðist jafnvel vera svo gersamlega um megn að geta lært að skammast sín, að þeir þykjast þess siðferðilega umkomnir að hafa skoðun á því með hvaða hætti eigi að þrifa upp skítinn eftir afgangi þeirra. Og hreinsunardeildin er líka föst í skotgröfum flokkslíunnar, hugarfarsins sem varð okkur að falli til að byrja með.

PAR sem fulltrúalýðræðið hefur reynst okkur svona illa legg ég því til að við tökum upp svokallað „raunveruleikalýðræði“. Það felst í því að í stað þess að kjósa 63 einstaklinga til þingvistar á fjögurra ára fresti fáum við einu sinni í viku að kjósa einhvern burt af eyjunni. Gæti það mögulega reynst okkur verr?



Haust 2009

Þú vilt spara í vetur. Við bjóðum sex leiðir!

London
9 x í viku
Køben
7 x í viku

Börn:
25-50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum. Fá helmingssafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur á völdum áfangastöðum.

Finndu ódýrasta flugfarið á www.icelandexpress.is

Sala á flugsætum fyrir næsta vetur er í fullum gangi. Tryggðu þér ódýrara flug til London, Kaupmannahafnar, Berlínar, Varsjár, Friedrichshafen eða Alicante og lyftu þér upp í vetur!

Kynntu þér kostina og bókaðu flug á www.icelandexpress.is

Verð frá:

12.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Um er að ræða valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð.

Iceland Express

með ánægju



GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 17. ágúst
2009, 229. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	5.25	13.32	21.36
Akureyri	5.00	13.17	21.31

Heimild: Almanak Háskólans